



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Að blása mönnum móð í brjóst

Hið sanna ævintýri Sverris saga

Ritgerð til B.A.-prófs

G. Þróstur Einarsson

September 2010

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska

Að blása mönnum móð í brjóst

Hið sanna ævintýri Sverris saga

Ritgerð til B.A.-prófs

G. Þróstur Einarsson

Kt.: 230354-4729

Leiðbeinandi: Ármann Jakobsson

September 2010

Ágrip

Sverris saga er ein fyrsta samtíma ævisagan á norrænni tungu, hún er skrifuð á ofanverðri 12. öld eða í byrjun 13. aldar. Hún fjallar um Sverri Noregskonung, hvernig hann braust til valda og hélt völdum allt til að hann lést á sóttarsæng 1202. Að loknum inngangi er hér gerð grein fyrir aðkomu Karls Jónssonar ábóta á Þingeyrum að ritinu, en hann er af mörgum talinn höfundur sögunnar. Leitast er við að skýra hvers vegna hann frekar en aðrir hafi skrifað söguna og hvað það var sem gerði hann hæfari til þess en aðra. Lögð er fram tilgáta um að Sverrir konungur og Karl hafi skrifað saman byrjun sögunnar og þar megi sjá helstu áhrif Sverris. Sýnt er fram á að Karl hafði fleiri heimildarmenn en Sverri einan og höfundur hafi sýnt mikið sjálfstæði við verkið, þó áhrif Sverris séu greinileg.

Sverri konungi er lýst og farið yfir áhersluatriði í lífi hans, fjallað um óvissu með faðerni og hvernig draumar hans leiða hann áfram og eru honum staðfesting á stöðu sinni í samfélaginu. Draumar hans leiða hann í hásæti Noregskonungs og hann verður þríeinn konungur kirkju, þings og þjóðar. Með ræðum sínum og málsnilld fær hann liðsmenn sína til að sýna mikið baráttuþrek og þrautseigju til að ná settu marki.

Höfundur segir söguna í 3. persónu en bætir við miklum fjölda annarra radda, með því að segja söguna eftir fjórum leiðum, það er með beinni frásögn, draumum, vísnum og ræðum. Það er og verkefni ritgerðarinnar að skoða með hvaða hætti vísurnar eru notaðar í sögunni og hvaða tilgangi þær þjóni fyrir framvindu og áreiðanleik sögunnar. Meginverkefnið er hins vegar að skoða ræður Sverris konungs en þær eru fjölmargar, valdar eru 10 helstu ræðurnar. Bygging þeirra er skilgreind og hvernig hver ræða skiptist í ræðuhluta og síðan er stíll ræðu og stílbrögð skoðuð. Í lokin er ræðan greind efnislega og hvernig nota má fjórskipt formgerðarlíkan sem Ármann Jakobsson setti fram í Skírni 2005 til greiningar á *Sverris sögu*.

Efnisyfirlit:

Inngangur	2
Karl Jónsson ábóti	4
Sverrir konungur	7
Vísur í Sverris sögu	11
Um vísur.....	19
Ræður Sverris	21
Bygging.....	21
Stíll.....	24
Hlutverk	26
1. Sverrir færir undan við Birkibeina K. VIII	29
2. Við Vors K. XX.....	32
3. Líkræða yfir Erlingi skakka K. XXXVIII.....	34
4. Herhvöt á Íluvöllum K. XLVII.....	37
5. Herhvöt, við Norðnes K. LII.....	39
5.a. Ræða Magnúsar við Norðnes K. LIII.....	41
6. Herhvöt við Fimreiti K. LXXXVIII.....	42
6.a. Ræða Magnúsar við Fimreiti K. LXXXIX.....	44
7. Þingræðan í Björgvin, boðar hvörf í sögunni K. XCIX.....	44
8. Bindindisræðan K. CIV	48
9. Græningjasundsræðan K. CXXXIII.....	50
10. Túnsbergsræðan K. CLXXIX.....	52
Niðurstaða	53
Heimildir	56

Inngangur

Sverris saga er töfrandi konungasaga, um manninn sem ólst upp á útnára ríkisins, dreymdi um að verða konungur þess, og lét drauminn rætast. Hér verður einkum fjallað um hver Sverrir konungur var og hvað það var sem fékk menn Sverris til að vinna fyrir hann og sýna honum trúnað. Var hann Sigurðsson, skipti það máli, og hvað gerir Sverrir að því sem hann er, konunginn í sögunni? Reynt er að skyggjast baksviðs og skoðaður þáttur skrásetjara sögunnar Karls Jónssonar ábóta, hvernig hann vinnur að sögunni og með hverjum.

Meginviðfangsefnið er inntak og form í ræðum Sverris og hvernig form lagar sig að efni. Fyrst eru skoðaðar beinar ræður Sverris í sögunni en þær eru milli 45 og 50 en þá eru allar beinar ræður taldar, allt frá einni setningu til hinna klassísku fjórskiptu ræðu.¹ Valdar eru 10 ræður sem eru allar fjórskiptar nema fyrsta ræða Sverris við Birkibeina sem er þrískipt. Skoðaðar eru tvær hliðstæðar varnarherhvatir andstæðingsins, Magnúsar Erlingssonar og þær bornar saman við herhvatir Sverris og kannað hvað er líkt með ræðunum og hvað er ólíkt? Pólítískar ræður og herhvatir hafa líka byggingu en ólíkan stíl. Hver ræða er greind fyrir sig, fyrst bygging og hvar ræðuhlutar byrja og enda, því næst er stíllinn athugaður, hvaða stílbrögðum er beitt og að lokum er efni ræðunnar krufið. Ræðurnar eru:

1. **Birkibeinaræðan (k. 8)**, hið alslausa og fákunnandi foringjaefni.
2. **Ræða Sverris við Vors (k. 20)**, dýrlingurinn Sverrir, eða hvað?
3. **Líkræða yfir Erlingi skakka (k. 38)**, þríeinn Sverrir, heilagur Erlingur skakki? Og orð Eysteins biskups, tvíhyggja og írónía.
4. **Herhvöt Sverris á Íluvöllum (k. 47)**, ofureflið, írónía Sverris, dæmisaga um karlsson, orðskipti og myndhverfingar og nokkur orð um duglitla bændur í hernaði.
5. **Herhvöt Sverris við Norðnes (k. 52) og herhvöt Magnúsar (k. 53)**, ákallar Guð og helgan Ólaf konung fyrir orrustu við Magnús Erlingsson.
6. **Herhvöt Sverris fyrir orrustuna við Fimreiti (k. 88) og herhvöt Magnúsar (k. 89)**, að sigra eða drepast.
7. **Þingræðan í Björgvini (k. 99)**, boðar hvörf í sögunni.

¹ Knirk, bls. 51.

8. **Bindindisræðan í Björgvin (k. 104)**, um hófsemi og innflutningshöft.
9. **Græningjasundsræðan (k. 133)**, bændur áminntir.
10. **Túnsbergsræðan (k. 176)**, óvinum miskunnað.

Metin er sú hugmynd að ræðurnar séu ekki hinar eiginlegu ræður sem fluttar voru á ögurstundu, heldur ágrip eða endursögn þeirra þegar sagan er skrifuð, hvað bendir til að svo sé og hvað mælir frekar á móti því. Einnig er leitað svara við, hvert er hlutverk ræðu í sögunni, inniheldur hún spá eða forsögn, eða er ræðan viðbót í söguna eða staðfesting hennar? Átján vísur eru í sögunni og rýnt er í hvernig söguritari nýtir sér form þeirra í megintexta, ásamt draumum og ræðum til að gera textann margradda.² Bein frásögn er hlutlæg meðan vísur, draumar og ræður eru huglægari, með vísunum fjölgar sögumönnum verulega og sömu atburðum er lýst hverjum frá sínu sjónarhorninu eins og vísur Böglunga og Birkibeina.³ Velt er upp hlutverki ræðu í sögunni í samanburði við megintexta, drauma og kvæði. Greind er bygging hvernar ræðu og stíll, frásögn og móttökur áheyrenda og áhrif ræðunnar sé þeirra getið og hvernig miðja ræðunnar hefur áhrif á miðju sögunnar og hvernig viðbótin færir til.⁴

Frásögnin er borin saman við áhugavert túlkunarlíkan sem Ármann Jakobsson hefur sett fram í greininni „Sinn eiginn smiður“ um fjögur túlkunarstig sögunnar. Þó að Karl Jónsson hafi ekki skrifað *Sverris sögu* með sígilda túlkun á Biblíunni í huga, sem skoðar með fernum hætti hið „yfirborðslega, allegóríska, siðferðislega og guðlega til skilningsauka“, þá bendir Ármann á að túlkunin sé vel nothæf til að smíða úr fjórskipt merkingarlíkan fyrir *Sverris sögu*: söguna um hinn réttborna konung, ævintýri útskerjadrengsins, baráttuna fyrir réttlætinu og að lokum val Guðs.⁵

Eingöngu var skrifað um þá gerð sem Þorleifur Hauksson bjó til útgáfu og Hið íslenska fornritafélag gaf út árið 2007, enda er hún talin næst frumgerð. Aðaltexti útgáfunnar er sóttur í AM 327 4to með viðbótum úr Flateyrarbók, þar sem talið er vanta í handrit. Önnur gild handrit voru höfð til samanburðar.⁶

² Kristeva, bls. 93-128.

³ *Sverris saga*, bls. 230-231.

⁴ Derrida, bls. 129-152.

⁵ Ármann Jakobsson, 2005, bls. 134-135.

⁶ Þorleifur Hauksson, bls. LXXX.

Karl Jónsson ábóti

Lítið er vitað um Karl Jónsson ábóta, höfund *Sverris sögu*. Í hans tíð þótti mikilvægara hvenær menn dæju en hvenær þeir fæddust. Dánardægur Karls segir Oddaverjaannáll vera árið 1211, annálar Henriks Høyer og Flateyjarbók segja árið vera 1212 en Konungsannáll segir dánarárið vera 1213 og er það talið réttast.⁷ Vígsluárið er sagt í Íslenskum annálum vera 1169.⁸ Á þeim tíma sem Karl tók vígslu sem ábóti var lágmarksaldur til að fá vígslu sem ábóti 24 ár en þar sem prestvígslu þurfti að auki og lágmarksaldur til prestvígslu var að vera kominn á 25. ár, má reikna út að Karl hafi að minnsta kosti staðið á fertugu er hann leggur af stað til Noregs 1185, en vel má gera ráð fyrir nokkru hærri aldri.⁹ Í Sturlungu segir frá því að Kári Runólfsson hafi tekið við ábótastarfi á Þingeyri 1181 og út frá því hefur verið ályktað að Karl hafi þá tekið sér leyfi til ritstarfa. Sama rit segir frá því að Karl hafi tekið sér far til Noregs 1185 og með honum hafi verið í förinni frændurnir Ingimundur prestur Þorgeirsson og Ögmundur sneis Þorvarðarson.

Það er spennandi verkefni að skoða hvernig *Sverris saga* verður til, allnokkuð er hægt að styðjast við en margt er hulið og vissulega þarf stundum að nota ímyndunaraflið til að fylla í eyður og fá heillega mynd úr þeim brotum sem stuðst er við. Það er vitað að í Þingeyrarklaustri var mikill bókaáhugi og kunnátta við að skrifa bækur. Reglubræðurnir Oddur og Gunnlaugur voru að skrifa Ólafs sögu Tryggvasonar á latínu um svipað leyti.¹⁰ Konungasögur sem skrifaðar höfðu verið fjölluðu um helga menn, það er um þá nafna Ólafa helga og Ólaf Tryggvason og Hryggjarstykki sem talið er hafa verið samtíma saga Sigurðar slembidjákns, sem margir samtíma menn hans töldu helgan.¹¹ Það gæti því legið beint við að álykta að Karl hafi farið utan til að skrifa enn eina heilagra manna sögu, fyrir því var jú hefð. En var því þannig háttáð? Fyrsti hlutinn, Grýla, bendir nokkuð í þá átt að skrifin eigi að sýna helgi Sverris.¹² En fleira verður að skoða og þá ekki síst hversu mikill hlutur Karls í Grýlu var.

⁷ Lárus H. Blöndal, bls. 158.

⁸ Holm-Olsen, bls. 22.

⁹ Lárus H. Blöndal, bls. 159.

¹⁰ Sverrir Tómasson, bls. 425.

¹¹ Lárus H. Blöndal, bls. 162.

¹² Lárus H. Blöndal, bls. 5. Að Grýla sé kafli 1-31 í *Sverris sögu* er hér og framvegis í þessari ritgerð notað sem skilgreining.

Þeirri spurningu hefur verið velt upp hvort sagan sé skrifuð af frumkvæði Sverris konungs eða Karls ábóta. Vissulega er það líklegt að Sverrir hafi haft frumkvæði að ritun sögu sinnar, hann kemur fram sem nútímamaður í sögunni og konungar Evrópu voru á þessum tíma að ráða munka sem hirðsagnaritara.¹³ En það er harla ólíklegt að Sverrir hafi beðið til ársins 1185 með að færa í letur afrek sín og Birkibeina, líklegra er að við hirðina hafi starfað skrifarar Sverris og m.a. þess vegna séu ræðurnar hans jafnvel varðveittar og lifandi og þær eru. Karl ábóti hafi komið til Noregs af eigin frumkvæði því að hann hafi haft áhuga á að halda áfram með Noregskonunga sögu og skrifa samtímasögu líkt og Eiríkur Oddsson gerði með Hryggjarstykki. Í konungsgarði hafi verið úr miklu að móða og Sverrir skynjað hæfni Karls til verksins og þeir hafi náð samkomulagi um framgang verksins. Þannig hafi frumkvæðið í raun verið hjá báðum.

Karl hefur gott vald á formi konungasagna og hann breytir efnistöfum m.a. með að fjölga heimildarmönnum. Sagan er sögð frá fleiri hliðum, hann bætir inn ræðum frá óvinaliðum og kemur með fleiri sjónarhorn í söguna. Fyrst fær Eysteinn biskup orðið í kafla 28 og Erlingur í kafla 33 og eftir það verður æ meira um beina ræðu úr herbúðum Magnúsar konungs og síðar frá uppreisnarmönnum gegn Sverri. Karl hefur vitnisburð frá vinum sínum hinum megin víglínunnar og er hægt að nefna þá skipsrúmsfélaga hans, þá Ingimund prest og Ögmund seilu sem fært hafa Karli fréttir á meðan hann dvaldist í Noregi. Ingimundur var bókhneigður og í þjónustu Eysteins biskups og síðar Kuflunga.¹⁴ Heima á Íslandi hefur og verið gnótt vitna úr óvinaliðum eins og Skáld-Mána sem sjálfur á þrjár vísur í sögunni. Hér þarf að hafa í huga að ekki tíðkaðist að geta heimilda og það er alls ekki alltaf skýrt hver hafi skrifað söguna, hvað þá hverjum sé hægt að eigna einstakt innlegg til sögunnar.¹⁵

Enn er ótalinn helsti heimildarmaðurinn en það er Sverrir konungur, nálægð hans er mikil sérstaklega fram að kafla 32. Lesandinn finnur fyrir nálægðinni því þar eru draumar Sverris, þrjár í Grýlu, og einn er í 42. kafla. Sá síðasti er svo í lok sögunnar í kafla 180 þegar Sverri dreymir fyrir dauða sínum. Við Grýlu verða skil og líkt og höfundur verði sjálfstæðari sem sést m.a. á því þegar beinar ræður andstæðinga Sverris koma inn í söguna. Í 28. kafla er

¹³ Ármann Jakobsson, 1997, bls. 300.

¹⁴ Holm-Olsen, bls. 24-25.

¹⁵ Lárus H. Blöndal, bls. 89-121, í þessum kafla gerir Lárus grein fyrir hugsanlegum heimildarmönnum.

ræða Eysteins biskups, orð sem síðar eru hermd upp á hann til að sýna fram á hversu vilhallur hann var Magnúsi. Í kafla 33 er vitnað beint til orða Erlings skakka og í þeim kafla er einmitt mikið sagt frá því hvað gekk á í herbúðum Magnúsar konungs. Þá og eftirleiðis í sögunni gætir mun fleiri heimildarmanna en í byrjun. Mikil nálægð Sverris heldur þó áfram allt fram yfir 100. kafla, ekki hvað síst fyrir ræður hans. Í þessum hluta eru einnig flestar stærri ræður Sverris þó vissulega séu margar í seinni hluta eins og Björgvinjarræðan, Græningjasundsræðan, ræðan við Strindsæ, Túnbergsræðan og síðustu fyrirmæli Sverris er hann fékk sína hinstu smurningu. Munur á ræðum Sverris og andstæðinganna endurspeglar þessa nálægð. Þegar við skoðum ræðu Svína-Péturs þá er sama nálægð og þegar Sverrir sjálfur talar. Líklegt er því að 100 fyrstu köflunum hafi Karl lokið áður en hann fór frá Noregi og kaflarnir sem eftir koma benda til þess að vera skrifaðir í meiri fjarlægð og því rökrétt að álykta að þeir hafi verið skrifaðir á Íslandi. Kaflaskiptingu sögunnar má því rekja til hversu nálægar heimildir voru, frekar en að annar höfundur hafi komið að verkinu. Þannig verður aftur vart nálægðar heimildarmanna í frásögn um átök Bagla og Birkibeina. Frásögnin hefst í kafla 129 og nær til loka sögunnar. Í þessum kafla eru nákvæmar lýsingar úr röðum Bagla og einnig frá konungsmönnum.¹⁶

Sem fyrr sagði þá var Karl kominn úr mikilli konungasagnahefð, og eitt sem verður að telja hans spor í söguna eru vísurnar sem þar eru. Engin vísa er í Grýlu hlutanum en sú fyrsta kemur í 44. kafla og er um liðsafnað Magnúsar konungs fyrir Íluvallabardaga. Vísurnar eru fáar og getur það bent til að Sverrir hafi ekki lagt mikið upp úr að varðveita þær vísur sem fluttar hafi verið við hirð hans. Eins bendir þetta til að hjá hinum nútímasinnaða konungi hafi dróttkvæði ekki lengur átt upp á pallborðið, t.d. eru aðeins 3 vísur í Magnúss sögu Erlingssonar í Heimskringlu.

Það er eftirtektarvert að þeir höfundar sem tilnefndir eru að kvæðum eiga ekki önnur varðveitt kvæði en þau sem eru í sögunni að Skáld-Mána undanskildum. Telja verður líklegt að Karl hafi viljað halda í hefðina og hluti af því voru kvæðin, með fjölda skálda fjölgar hann sögumönnum og fjölgar sjónarhornum og rennir um leið styrkari stoðum undir trúverðugleika sögunnar.

¹⁶ Lárus H. Blöndal, bls. 7.

Stíllinn breytist með aðkomu Karls. Í Grýlu hluta er nafn Guðs gjarnan notað af ritara en á þessu verður breyting eftir Grýlu þar sem nafn Guðs er aðeins notað af persónum en aldrei af sögumanni.¹⁷ Við það að sögumaður notar ekki nafn Guðs þá heldur hann hlutleysisblæ yfir frásögninni. Notkun persóna á nafni Guðs verður einnig enn frekar til að áréttu guðrækni þeirra. Guðsnafn er notað 100 sinnum í sögunni og þar af notar Sverrir nafnið 60 sinnum en Magnús 9 sinnum.¹⁸ Af þessu má ráða að í Grýlu hluta hefur Sverrir meiri nálægð við höfundinn en annars staðar eins og fræðimenn hafa bent á. Ekki er heldur hægt að útiloka að Karl hafi endurskrifað Grýlu hluta til þess horfs sem við þekkjum, eftir að hann kom til Íslands.¹⁹

Það er vitað að Karl skrifaði a.m.k hluta af sögunni, en hversu mikið liggur ekki ljóst fyrir, né heldur að hve miklu leyti Sverrir kemur að verkinu. Þeir eru þó fjölmargir sem hafa hallast að því að sagan öll sé verk Karls ábóta og má þar nefna Bagge, Brekke, Holm-Olsen, Knirk, Ármann Jakobsson, Finn Jónsson, Lárus Blöndal og Sigurð Norðdal. Því verður ekki mótmælt hér.

Sverrir konungur

Svína-Pétur segir Sverri konung vera „réttan höfðingja ok vitran, mildan ok málsnjallan, réttlátan ok friðsaman, ágætan ok øruggan til landvarnar ok allrar landsstjórnar.“²⁰ Þetta er lýsing samtímamanns á konungnum sem er á leið til Björgvinjar. Hann byrjar á því að áréttu að Sverrir sé réttur konungur og sýnir það vel alvöru þess máls. Lokaverk Sverris fyrir síðustu smurningu er að staðfesta að Hákon sonur hans sé einn réttborinn til konungs og sýnir enn frekar mikilvægi réttrar feðrunar, og fáum hefur á þessum tíma verið það ljósara en Sverri. Hann byggir sinn málatilbúnað til kröfu konungsdóms í Noregi á framburði móður sinnar Gunnhildar, sem fór til Rómar og kom til baka með þann úrskurð frá páfa að hún skyldi segja syni sínum að hann væri sonur Sigurðar munns, Noregskonungs, en það hafði ekki legið fyrir í

¹⁷ Lárus H. Blöndal, bls. 88.

¹⁸ Holm-Olsen, bls. 64.

¹⁹ Lárus H. Blöndal, bls. 172.

²⁰ *Sverris saga*, bls. 149.

þau rúmlega 24 ár sem Sverrir hafði lifað. Það varð svo lífsstarf Sverris að sýna fram á að hann væri hinn rétti höfðingi Noregs og um það fjallar *Sverris saga*.

Með draumum sínum skapar Sverrir sitt eigið sjálf, þar kemur glöggt fram hver hann vill vera. Til að sjá hver hann var þarf lesandinn að lesa í gegnum störf hans og ræður.²¹ En sjálfsmynd Sverris verður til í draumum hans um að gerast konungur og þar skiptir ekki endilega hið efnislega orsakasamhengi máli, heldur sækir Sverrir rökin frekar í hliðstæður og líkingar. Í upphafi líkræðu Erlings og í upphafi Björgvinjarræðunnar, byrjar hann með hliðstæðum og viðlíkingum er hann skýrir breytta stöðu í landinu. Það er ekki fyrr en að líður á ræðurnar að hann notar rök ættfræðinnar sem í bæði skiptin verða óþægilega ýtarleg fyrir lesandann. Hann dreymir fyrst Noreg en síðan Ólaf helga er hann var enn í Færeyjum og þá Samúel spámann í þriðja draum er hann var kominn til Noregs. Frá því segir sagan að Sverrir fann sig styrkjast við drauma sína er hann hugsaði til þeirra.²² Lokaorð Samúels í draumnum verður haldreipi Sverris í baráttunni fyrir konungssæti, orðin og drauminn allan túlkar hann sem hann sé Guðs útvaldi konungur Noregs. Útvalinn af Guði líkt og Abraham, Davíð og Kristur. Þessa túlkun draumsins má sjá í líkræðu Erlings er Sverrir talar um sig sem þríeinan, sem konung, jarl og erkibiskup.²³ Draumum hans er þannig umfram annað ætlað það hlutverk í sögunni að færa sönnur á að Sverrir sé konungur kristni og konungur Noregs, „rex isustus, hinn eini löglegi konungur Noregs.“²⁴ Það eru því ekki efnisleg rök heldur hliðstæður úr draumum Sverris og biblíulegar viðlíkingar sem hann setur saman sem ein helstu rök þess að hann sé hinn rétti höfðingi.

Þegar Eiríkur bróðir Sverris gengst undir járnburð til að sanna faðerni sitt þá myndast togstreita milli Sverris og bróðurins um konungstign. Sverrir heggur á þann hnút og segir að þó Eiríkur sé bróðir sinn þá afsali hann sér ekki konungstign því „þá hefir mik svá mikit til kostat þessa nafns ok ríkis er nú hefi ek, ok svá mörg vánk ok vandkvæði ok stórar mannhættur hefi ek

²¹ Bagge, bls. 65.

²² *Sverris saga*, bls. 9.

²³ *Sverris saga*, bls. 61.

²⁴ Lönnroth, bls. 611.

þolat“.²⁵ Sverrir vísar til eigin hæfni, atgervis og þolrauna sinna að konungdómi.²⁶ Nú eru rökin klár og efnisleg af því að Sverrir er góður leiðtogi og hefur sannað það og því ber honum öðrum fremur konungstign. Það sem gerir Sverri að leiðtoga eru aðallega ræður hans, þar endurskapar hann sjálfan sig úr draumum sínum með málsnilld sinni. Ræður Sverris eru birtingarmynd skipulags og framsýni, orð hans standa og þau verða framtíð andstætt við orð andstæðinganna, hjá þeim stenst ekki það sem sagt er. Í líkræðu Erlings skakka hæðist Sverrir að orðum Eysteins biskups um eilíft líf liðsmanna Magnúsar konungs, orðin stóðust ekki tímans tönn.²⁷ Ræðurnar birta visku Sverris og hversu orðfímur, kænn og úrræðagóður hann var á erfiðum stundum. Þær sýna einnig þróun hans sem foringja í herhvötum frá ræðunni við Feginsbrekku þar sem Sverrir er nánast sem áhorfandi að orrustunni sem á eftir fór, og til ræðunnar við Fimreiti en í þeim bardaga birtist Sverrir sem hinn úrræðagóði hershöfðingi sem er meðal sinna manna og hvetur lið sitt áfram. Mikil nánd Sverris við menn sína er eitt af einkennum hans. Hann er mitt á meðal þeirra, er fremstur meðal jafningja og fer sjálfur í njósnaleiðangra og skattheimtuferðir.

Sverrir lítur á leiðtogahæfileika sína í því volki og vandkvæðum sem Birkibeinar hafa gengið í gegnum sem réttlætingu þess að hann sé konungur Noregs. Leiðtogahæfileikar birtast ekki hvað síst í ræðum Sverris og ráðgerðum og kænsku í orrustum í kjölfar herhvata. Þessu til stuðnings má nefna fjölda dæma eins og átök við Hirtubru, orrustu við Steinabjörg, á Íluvöllum, við Norðnes, áhlaupið á Björgvin, orrustu við Fimreiti, við Strindsæ og við Ryginaberg.²⁸ Það er einmitt í þessum aðstæðum sem Sverrir birtist sem ævintýrapersóna sköpuð úr draumum og ræðum Sverris sjálfs.

Ekki er vafi á að veikasti blettur Sverris sem konungs er hvort hann sé hinn rétti höfðingi þjóðarinnar. Sverri er þetta vel ljóst, þegar hann í upphafi talar við Birkibeina „[v]eit ek ok eigi um ætt mína, ok ganga þess allir dulðir nema þat eina er ek segi frá einn saman.“ Hann velur ekki aðrar jarteinir til sönnunar faðerni sínu en verk sín. Hann kemur fram hefndum fyrir föður sinn, bróður og bræðrungr og því fær hann ekki keppinaut þaðan uns Eiríkur birtist og af

²⁵ *Sverris saga*, bls. 93.

²⁶ Ármann Jakobsson, 2005, bls.133.

²⁷ *Sverris saga*, bls. 61-63.

²⁸ *Sverris saga*, bls. 49; 58-61; 74-75; 83-91; 118-121; 135-141; 242-246; 252-258.

honum stafar viss hættu, en sagan segir ekki af því að Eiríkur hafi ógnað með kröfu til konungsdóms. Það eru ekki kröfur frá systkinum hans sem ógna honum heldur eru það Magnús Erlingsson og frændlið hans ásamt kirkjunnar mönnum sem ógna honum. Sverrir bregst hart við og gerir þá afkárlega sem krefjast krúnunnar án þess að eiga rétt til þess. Fá keppinautar alltaf hin verstu ónefni og eru gerðir aumkunarverðir og skoplegir í sögunni. Óvinir Sverris voru fjölmargir: Magnús Erlingsson og hans lið kallaði Sverrir Heklunga, Kuflunga kallaði hann lið Jóns Ingasonar Haraldssonar, sem Sverrir lætur heita Orm og vera Pétursson. Sigurður brennir reynist vera Íslendingur og heita Héðinn og vera sonur Þorgríms hrossa, flokk Símunar Kárasonar kölluðu Birkibeinar Várbelgi og Eyjarskeggja kölluðu þeir Gullbeina. Kirkjunnar menn söfnuðu liði gegn Sverri og höfðu fyrir höfðingja Inga son Magnúsar Erlingssonar, Birkibeinar kölluðu flokkinn Bagla og foringjann sögðu þeir vera danskan og heita Þorgils þúfuskít.²⁹ Þannig skal böll bæta að benda á annað verra, ögrandi tækni Sverris til að verja sína vafasömu stöðu, sem lesandi getur ekki vitað með vissu hver er. Tungumálið er vopn Sverris, ræður hans eru öðrum ræðum betri í sögunni og í uppnefnum hefur hann sömuleiðis mikið forskot. En Sverrir verður að teljast í fullum rétti að fara að orðum móður sinnar og gerast konungur Noregs.

Saga Sverris er um hvers vegna hann er hinn rétti höfðingi, um þolraunir sem hann þarf að leysa, um réttlætingu og að hann er útvalinn af Guði. Hún er ævisaga konungs en um leið er hún saga þjóðar því „[k]onungar eru land og þjóð í einum manni.“³⁰ Hann birtist lesanda í draumum sínum og ræðum, hógvær, stilltur, vitur, miskunnsamur og með mikinn styrk. Sverrir er konungur kallaður af Guði, hann er konungur kirkju, þings og þjóðar. Saga hans er hið sanna ævintýri *Sverris saga*.

²⁹ *Sverris saga*, bls. 65-66; 155; 168-169; 170; 174; 181; 194.

³⁰ Ármann Jakobsson, 1997, bls. 242.

Vísur í Sverris sögu

Vísurnar í *Sverris sögu* eru 18 og verða greindar efnislega og samhengi þeirra við frásögnina skoðað. Jafnframt verður getið bragarháttar og höfundar þegar vitað er hver hann er, 11 vísur hafa höfund en 6 vísur eru höfundarlausar og ein vísan er úr Fáfnismálum.

1. Fylgðu ræsi
Rygir ok Hörðar,
Filar ok Sygnir
sem Firða lið,
Mærir allir,
menn raumdælskir,
erkibyskup,
öll Þrændalög.

Fyrsta vísan í sögunni er undir fornyrðislagi og er upptalning á þeim flokkum frá Suður-Noregi sem fylgdu Magnúsi konungi til Íluvalla, vísan er þannig hluti af frásögninni eða bein viðbót við hana, segir frá því að það voru Rygir frá Rogalandi og Hörðar frá Hörðalandi, Filar frá Fjöllum og Sygnir frá Sogni, Firðir frá Fjörðunum og Mærir frá Mæri, menn frá Raumdal og Þrændalögum ásamt biskupi sem fylgdu konungi. Vísan er án höfundar.

2. Esa, sem kolvið kljúfi
Karl, sás vegr at jarli.

Vísan er upphaf af dæmisögu Sverris fyrir bardagann á Íluvöllum og lögð í munn bóndanum sem fylgdi syni sínum til skips og ræður honum heilt fyrir orrustuna. Efni vísunnar: Það er ekki eins og karl sá sem vegur að jarli, kljúfi kolvið.³¹ Erindið vísar í þegar Erlingur skakki var veginn, og er þannig sönnun eða staðfesting á því sem gerst hefur. Erindið vísar þannig í fyrri sigur og viðlíkingu Sverris fyrir í ræðunni um að ólíkt verði að höggvast á við lenda menn en að höggva timbur. Einnig er hægt að líta svo á að ekki sé um tilvísun í víg Erlings og þá er vísan almenn lýsing og viðbót við frásögnina frekar en sönnun á fyrrnefndu atviki. Vísubrotið er undir dróttkvæðum hætti.

3. Ætlak mér ina mæru
Munnfagra Ingunni,
Hvégis fundr með frægjum
Ferr Magnúsi og Sverri.

³¹ *Sverris saga*, bls. 68.

Þriðja vísan eru einnig úr herhvötinni við Íluvelli og eru lokaorð ræðunnar og vitnar Sverrir til ónefnds skálds. Vísubrotið er dróttkvætt og efnið er eftirfarandi: Ég ætla mér hina munnfögru Ingunni hvernig sem fer milli hinna frægu Magnúsar og Sverris.³² Vísan er hluti af frásögn, ljóðmælandi hefur meiri áhuga á Ingunni en orrustunni sem er yfirvofandi. Ingunn verður þannig tákn þess sem bændur hugsa um og eru þess vegna ekki góðir hermenn. Vísan er viðbót við frásögn Sverris.³³ Enn er áréttað hversu áhugalítill her Magnúsar er um niðurstöðu hernaðarins, sem aftur skýrir hvers vegna fer sem fer í orrustum konunganna.

4. Glymvöllu rístr, golli,
góð er stillis för, Róða
Ólafssúð und auði
auðgrimms, búin rauðu.
Nú er æg ór för frægri,
fell húfr í svig dúfu
sveldr, með sæmð ok mildi
siklingr kominn hingat.

Kvæðið er lýsing á því sem gerst hefur, Hallur hefur flutt kvæðið Magnúsi konungi og verður það því að teljast staðfesting eða sönnun þeirra atburða sem gerst hafa. Erindið er dróttkvætt og ofangreint erindi er efnislega: Ólafssúð búin rauðu gulli, ristir hafflötinn undan auðnum; för örláts konungs er góð. Nú er ógurlegur konungur kominn hingað úr frægri för með sæmd og mildi. Vatnsbólgið stefnið fellur í öldudalinn.³⁴

5. Berr fyrir Hólm, þar's harri
hlýrs fagrgota stýrir.
Stál bruna rauð á reyðar
rymvöll und gram snjöllum.
Frægr með fremð ok sigri,
Fólkráðr konungr háði
darra þing við drengi,
döglingr's kominn hingat.

Þetta erindi er einnig eftir Hall. Erindið er dróttkvætt eins og það fyrra og efnislega segir það: Skipið ber fyrir Hólm, þar sem konungur ríkir. Gullbúin skip bruna yfir hafið undir hraustum konungi. Frægur konungur er komin hér með sæmd og sigur. Vígbráður konungur háði orrustu

³² *Sverris saga*, bls.73.

³³ *Skjaldedigtning b1*, bls. 596.

³⁴ *Sverris saga*, bls. 103; Gade, bls. 636; *Skjaldedigtning b1*, bls. 516.

við drengi. Eins og fyrra erindið er þetta sönnun eða staðfesting á frásögninni á undan. Þessi erindi tvö eru þau fyrstu þar sem höfundar er getið og eru þau einu erindin sem þekkt eru eftir Hall Snorrason.³⁵

6. Fant sé ek hvern á hesti,
ér er nú siðr inn versti;
leið eigu vér langa,
en lendir menn ganga.
Hirðmenn skulu hlaupa,
hér er gott til kaupa,
munka ek mörgu kvíða,
en matsveinar ríða.

Sverrir og hans menn eru á flóttu og ekki fengu allir hesta. Þeir sem höfðu hesta en voru lægra settir eftirlétu ekki sína hesta, skáldið var í hópi þeirra hestlausu, vísan er viðbót við frásögnina. Írónían eða háðið í kvæðinu stafar af þessari einkennilegu stöðu. Erindið er runhenda og er efnið: Ég sé sérhvern þjónustusvein á hesti en lendir menn ganga, hér er nú hinn versti siður við eigum langa leið [fyrir höndum]. Hirðmenn skulu hlaupa en matsveinar ríða, hér er ekki gott til kaupa, en ég mun ekki kvíða neinu.³⁶

Það gekk á ýmsu hjá Sverri konungi og þarna hafði Magnús konungur komið honum og hans mönnum að óvörum en engu að síður eru hans menn tilbúnir að semja kvæði sem vekur kátínu og skopast að óvenjulegri stöðu. Eftir þetta góða stöðumat ná Birkibeinar aftur tókum á aðstæðum. Bjarni Kálfsson er óþekktur af öðrum skáldskap en þessum en hugsanlegt er talið að hann hafi verið faðir Tanna skálds í Miðfirði.³⁷

7. Byr gefðu brátt, inn örvi,
Björgynjar til mörgum,
þess biðjum vér, þjóðum,
þungstóls, konungur, sólar.
Angrar oss, þat er lengi
útnyrðingr heldr fyrðum,
vindr er til seinn at sundi
sunnrænn, í dys Unnar.

³⁵ *Sverris saga*, bls. 104; Gade, bls. 637; *Skjaldedigtning b1*, bls. 517.

³⁶ *Sverris saga*, bls. 107; Gade, bls. 639-640; *Skjaldedigtning b1*, bls. 517.

³⁷ *Sverris saga*, bls. 107.

Máni er hirðskáld Magnúsar konungs sem hafði gert góða ferð frá Valdimar Danakonungi frænda sínum til Túnbergs og taka átti stefnuna á Björgvin, en byrinn lætur bíða eftir sér. Erindin þrjú eftir Mána í *Sverris sögu* eru öll í 85. kafla. Þau eru öll undir dróttkvæðum hætti og efni fyrsta erindisins er bæn til Guðs um byr: Hinn örláti Guð, gefðu fljótt mörgum mönnum byr til Björgvinjar, við biðjum þess. Það angrar okkur að útnyrðingur heldur mönnum lengi í Unnardys, sunnanvindur er seinn [að koma] að sjó.³⁸ Frásögnin á eftir sýnir að Máni hefur ekki notið mikillar virðingar við hirðina þó hirðskáld væri. Skáldalaunin voru hrein skyrta og þegar Magnús konungur ávarpar Mána notar hann nafnskipti (metonymia) og kallar hann Tungla. Bænin staðfestir hins vegar það sem komið er fram, hvers vegna ferð konungsins dregst úr hömlu.

8. Slægr ferr gaurr með gígju,
ginn er hér komit inni,
meiðr hefir skjaldar skóða
skrípalát, ok pípu
Rekkur lætr rauða bikkju,
rekit skvaldr, fyrir aldir,
skulut hlýða því þjóðir,
þat er skaup, yfir staf hlaupa.

Seinni erindin tvö eru samstæð. Þ.e. þau gerast í kringum sama atburð. Efni fyrra erindisins er: Lævis þorpari fer með flautu og fiðlu, hér eru glöp inni, hermaður er með skrípalæti. Maðurinn lætur rauða tík stökkva yfir staf fyrir fólkið. Burtu trúðslæti, fólk á ekki að hlusta á, því þetta er spott.³⁹

9. Gígjan syngur, þar er ganga,
grípa menn til pípu,
færa fólsku stóra
fram leikarar bleikir.
Undr er hvé augum vendir
um, sá er þýtr í trumbu.
Kníðan lít ek á kauða
kjaft ok blásna hvafta.

Efni seinna erindisins er: Gígjan syngur, þar sem bleikir leikarar ganga fram, menn grípa til flautu. Undur er hversu augun snúast á þeim er blæs í tumbu [trompet?], lít ég á þaninn kjaft og

³⁸ *Sverris saga*, bls. 130; Gade, bls. 641-342; *Skjaldedigtning b1*, bls. 519.

³⁹ *Sverris saga*, bls. 131; Gade, bls. 642-643; *Skjaldedigtning b1*, bls. 520.

blásnar kinnar á kauða.⁴⁰ Báðar vísurnar eru bein viðbót við fyrri lýsingu, það koma fram upplýsingar um að við trúðalætin hafa verið notuð hljóðfæri og listrænar hreyfingar til að vekja athygli og skemmta skipsverjum. Í þetta skiptið hafði skáldið betur, öfugt við hina almennu þróun. Trúðslæti og hljóðfærasláttur var að ryðja dróttkvæðunum burt úr hirðinni. Kafli 85 virðist koma sem seinni tíma viðbót inn í söguna, framvinda sögunnar breytist ekkert þó þessum kafla væri sleppt og við það rofnar ekki söguþráðurinn enda bætir kaflinn engu við efnislegt orsakasamhengi sögunnar. En hann dregur hins vegar fram góða mynd af hirðlífi hjá liðsmönnum Heklunga. Máni er eina nafnkennda skáldið í *Sverris sögu* sem er þekkt utan hennar og til eru fleiri varðveittar vísur en eru í sögunni. Hann er talinn íslenskur þar sem vitað er til að hann fór til Íslands er Magnús konungur var allur og vitað er að Máni var á lífi 1215.⁴¹

10. Týnum Birkibeinum,
beri Sverrir hlut verra.
Látum randhæing reyndan
ríða hart ok tíðum.
Hælumsk minnst í máli,
metumsk, heldr at val felldan.
Látum skipta Guð giftu,
gerum hríð þá er þeim svíði.

Erindið er dróttkvætt og samantekið er efnið: Fellum Birkibeina, Sverrir verði sigraður, látum reynt sverð slá hart og títt. Hælumst minna í orðum, metumst að lokinni orrustu. Látum Guðsgæfu ráða, gerum aðsúg sem þeir finna fyrir.⁴² Vísan er mergjuð herhvöt til Kuflunga sem koma mönnum Sverris að óvörum og fella marga góða menn úr liði Birkibeina. Þannig verður herhvötin að spádómi þess sem gerist og hluti frásagnarinnar. Þessi framsetning líkist mjög herhvötum Sverris og hér er full virðing sögumanns fyrir framsetningunni, ólíkt sem var hjá Skáld-Mána. Ekki eru fleiri vísur varðveittar eftir Nefara (Nef-Ara) en þessi, og reyndar er ekki vitað hvort hann var Íslendingur eða Norðmaður.⁴³ Hann fyllir í þann fjölmenna flokk sem er nefndur í sögunni án kynningar líkt og allir eigi að kannast við.

11. Reisum vé fyrir vísa,
Verum þungir Kuflungum.

⁴⁰ *Sverris saga*, bls. 131; Gade, bls. 643-644; *Skjaldedigtning b1*, bls. 520.

⁴¹ Gade, bls. 641.

⁴² Gade, bls. 645-646; *Skjaldedigtning b1*, bls. 518.

⁴³ Gade, bls. 645.

Látum brýndan hjör bíta,
Bolum tafin und kló hrafni.
Hnekkjum fjánda flokki,
Friðum land jöfurs brandi.
Rjóðum dör í dreyra,
Drepum meira hlut þeira.

Erindið er dróttkvætt og áttmælt þ.e. hvert vísuorð erindisins er sjálfstætt og snýst um fyrsta vísuorðið.⁴⁴ Næstu erindi semur Blakkur, sem sagður er hirðskáld hjá Sverri árin 1187-91.⁴⁵ Hann sækir efni og uppbyggingu vísunar til kvæðis Nefara og er eins og mótsvar Birkibeina, en hátturinn er flóknari og þá glæsilegri. Samantekið efni: Reisum konungi fána. Verum erfiðir Kuflungum. Látum brýnt sverð bíta. Brytjum málsverð fyrir hrafninn. Rekum óvinalið á flóttu. Friðum land konungs með sverði. Litum spjót í blóði. Drepum meirihluta þeirra.⁴⁶ Efnið er herhvöt til manna Sverris og er fyrirmæli um hvað eigi að gera og segir um leið til um það sem gerist líkt og kvæðið frá Nefara. Vísan er því hluti af frásögninni og kemur í raun í stað herhvarar frá Sverri sem stýrir herförinni að Kuflungum.

12. Öld man, heldr at hældusk,
hvatir guldu þess skatnar,
fyrir, ór flokki þeira,
foraðstungur Kuflunga.
Nú kná bergs í björgum,
búk reiðir lá sjúkan,
mettr var hrafn í Hrótti,
hóts annan veg þjóta.

Erindið var samið eftir viðureignina við Kuflunga og er sönnun eða staðfesting á því sem gerst hafi, enda hafi kvæðið verið flutt Sverri konungi að viðstaddri hirð og við þær aðstæður er sagt satt og rétt frá. Endursagt efnislega: Menn muna það að illar tungur Kuflunga hældust áður, hraustir menn úr liði þeirra guldu þess. Nú vælir með öðrum hætti í björgum fjallsins, aldan fleytir lemstruðum líkómum, hrafninn var mettur í Hrótti.⁴⁷ Kvæðin tvö marka frásögn 106. kafla upphaf með herhvöt og spásögn og lýkur með staðfestingu spádómsins og staðfestingu atburðanna. Hér er rétt að hafa í huga að vel má hugsa sér að bæði erindin séu samin samtímis

⁴⁴ Gade, bls. 649.

⁴⁵ Gade, bls. 647.

⁴⁶ *Sverris saga*, bls. 163; Gade, bls. 649-651; *Skjaldedigtning b1*, bls. 519.

⁴⁷ *Sverris saga*, bls. 163; Gade, bls. 650-651; *Skjaldedigtning b1*, bls. 519.

og frásögnin er skrifuð og þannig löguð að frásögninni. Hann semur einnig tvö næstu erindi sem tengjast öðrum atburðum.

13. Björt kveða brenna kerti
Breiðskeggs yfir leiði.
Ljóss veitk at mun missa
meirr höfðingi þeira.
Vitum at vánir berti,
vér hugðumk því, brugðit,
þollr fekk illt með öllu
örþings, af gjörningum.

Efnisleg endursögn er: Sagt er að björt kerti brenni yfir leiði Breiðskeggs, ég veit að höfðingi þeirra mun meira sakna ljóssins. Ég gerði ekki ráð fyrir betra af galdraverkum hans, ég tel ekki á betra von fyrir verk hans. Hermaðurinn hlaut allt illt.⁴⁸ Erindið er undir dróttkvæðum hætti og er írónísk eða viðsnúið erfikvæði. Í erfikvæðum er minnst góðra verka þess látna, hér eru hins vegar tíundaðar ávirðingar og afleiðingar þeirra fyrir hinn látna. Breiðskeggur var einn af mörgum þeim sem gerðu tilkall til konungstignar, sagðist vera sonur Eysteins Haraldssonar. Eftir að bændur höfðu drepið hann þá var reynt að gera hann að dýrlingi, þess vegna loga ljós á leiði hans, en hann liggur í myrkri verka sinna.

14. Hafði hér, meðan lifði,
hvárttveggja Breiðskeggi,
nú er friðspillir fallinn,
fæst gott ok dul hæsta.

Stefið er dróttkvætt og efnisleg endursögn er: Breiðskeggur lifði hér við hvortveggja, mikla sjálfsblekkingu og fátt gott. Friðarspillirinn er nú fallinn.⁴⁹ Stefið er sagt í sögunni vera úr erfidrápu sem Blakkur gerði eftir Breiðskegg. Hér er sama írónían eins og í fyrra kvæðinu, ort er um hin verri verk en ekki þau góðu sem tíðkaðist í erfidrápum. Erindið er það síðasta sem eignað er Blakki í sögunni og jafnframt það síðasta sem hefur höfund því þau fjögur sem á eftir koma eru öll án ákveðins höfundar.

15. Mándag kvaddi mildingr sína
menn, drifu hart til vápna sennu.
Inga hirð enn upp réð ganga
ár morgin til Sverris borgar.

⁴⁸ *Sverris saga*, bls. 176; Gade, bls. 647-648; *Skjaldedigtning b1*, bls. 518.

⁴⁹ *Sverris saga*, bls. 177; Gade, bls. 648-649; *Skjaldedigtning b1*, bls. 518.

Ýtar reistu merki at móti,
margar stengr, ok börðust lengi.
Baglar stóðu í brodda hagli,
brunnu skip þá er kappar runnu.

Sverrir konungur hafði brugðið sér af bæ með hundrað manna flokk til að gera að nautum. Baglar notfæra sér stöðuna og koma Birkibeinum að óvörum, sem bíða mikið afhroð, Baglar drepa marga og brenna allan flota Birkibeina sem geymdur var í Björgvin. Baglar yrkja svo erindið sem er efnislega: Konungur kvaddi menn sína á mánudag, þeir söfnuðust með hraði til orrustu, þegar hirð Inga ákvað að ganga upp til Sverrisborgar á mánudagsmorgni. Menn reistu fána gegn þeim, margar stangir, og börðust lengi. Baglar stóðu í orrustu, skip brunnu þegar bardagamenn flúðu. Erindið er hrynhent og telst án ákveðins höfundar en telja verður það sönnun eða staðfestingu á því sem gerst hafi.⁵⁰

16. Mándag kvaddi níðingr sína
menn, drifu hart til vápna sennu.
Þúfuskítur þrífisk eigi,
þann morgin til Sverris borgar.
Ýtar reistu merki at móti,
margar stengr, ok börðust lengi.
Baglar standa í banni allir,
brunnu skip þá er kappar runnu.

Birkibeinar svara og snúa kvæðinu upp á Bagla, sem ekki getur talist góður kveðskapur, en stráksleg hernaðarlistin leynir sér ekki. Efnislega er vísan: Óþokki kvaddi saman menn sína á mánudegi, þeir söfnuðust til Sverrisborgar með hraði til orrustu, Þúfuskítur þrífist aldrei. Menn reistu fána gegn þeim, margar stangir, og börðust lengi. Allir Baglar eru bannfærðir, skip brunnu þegar bardagamenn flúðu.⁵¹ Erindið er undir sama bragarhætti og vísa Bagla á undan og telja verður það sönnun eða staðfestingu á því sem gerst hafi. Hér má glögg sjá mun eftir því hvert sjónarhornið er.

17. Ólíkr ertu
yðrum niðjum,
þeim er framráðir
fyrrí váru.

⁵⁰ *Sverris saga*, bls. 230; Gade, bls. 645-646; *Skjaldedigtning b1*, bls. 596.

⁵¹ *Sverris saga*, bls. 231; Gade, bls. 646-647; *Skjaldedigtning b1*, bls. 597.

Sigurður Lávarður sonur Sverris var ekki mikill bardagamaður sem berlega kom í ljós í orrustunni við Ryginaberg, þar sem liðsveitum Sverris veittist ýmist betur eða miður í bardaganum og hafði Lávarðurinn leitað skjóls í Hallvarðskirkju. Þegar Sverrir nálgast kirkjuna hleypir Lávarðurinn hestinum út úr kirkjunni. Sverrir snuprar hann og fer með þessa vísu, sem efnislega er í endursögn: Ólíkur ertu frændum þínum þeim sem áður voru vopndjarfir.⁵² Vísubrotið er undir fornryðislagi og er hluti frásagnarinnar líkt og fyrsta erindið en það er eðli kveðskapar undir eddu-háttum að vera frásagnarbálkar.

18. fár er hvatr
er hrörna tekr,
ef hann er {i} bernsku til blautr.

Sverrir heldur áfram ræðu sinni og útvíkkar sjónhornið frá Lávarðinum til hins almenna hermanns. Hér er hann að tala um sjálfan sig sem mælistiku á hugdirfsku. Hann segir á undan vísubrotinu að áður fyrr hafi hann sjálfur ekki þótt nýtur til orrustu með Birkibeinum. Efnislega er vísubrotið: Fáir eru hraustir er þeir eldast ef þeir eru blauðir í bernsku.⁵³ Sverrir heldur áfram og segir að nú, þegar hann er farinn að eldast, þá sé hann fremstur í orrustunni. Á því megi marka hversu liði hans hafi hrakað. Vísubrotið er úr 6. vísu Fáfnismála og er undir ljóðahætti. Vísubrotið er hluti af frásögninni en einnig sönnun því það kemur inn sem tilvitnun og almenn speki um hvernig hlutum sé háttað.

Um vísur

Það er líkt og að vísurnar séu settar inn í söguna eftir að efniskipun liggur fyrir. Það er einkum tvennt sem bendir til þess. Í fyrsta lagi er vísunum raðað býsna reglulega í texta. Fyrsta vísa er frá Heklungum en þær síðustu fer Sverrir með. Fyrstu þrjár vísurnar eru án tilgreinds höfundar en síðan koma 11 vísur með tilgreindum höfundi og að lokum eru fjórar vísur í lokin án nafngreinds höfundar. Það að vísur eftir tilgreinda höfunda komi allar hver á eftir annarri án þess að nokkur vísa komi þar inn á milli, án nafngreinds höfundar er tæpast tilviljun. Fimm vísur með tilgreindum höfundi koma úr herbúðum Heklunga og úr ranni Birkibeina koma jafnmargar vísur og er slík jafnaðarmennska tæpast tilviljun. Í öðru lagi er höfundarlisti

⁵² *Sverris saga*, bls. 257; *Gade*, bls. 647; *Skjaldedigtning b1*, bls. 602.

⁵³ *Sverris saga*, bls. 257.

athugunarefni því aðeins Skáld-Máni á vísu eftir sig annars staðar en í *Sverris sögu* svo vitað sé með vissu. Hallur Snorrason er skrifaður fyrir lofkvæði í *Den norsk-islandske skjaldedigtning* og er þar með spurningarmerki hvort það sé ort til Magnúsar Erlingssonar.⁵⁴ *Skáldatal* telur Hall sem hirðskáld Magnúsar Erlingssonar og Blakk sem hirðskáld Sverris.⁵⁵ Aðrar heimildir um skáldin eru ekki nema í sögunni, sem gæti þá bent til þess að sögumaður hafi sjálfur sett saman vísurnar og meint nöfn höfunda væru þá skálduð nöfn til að fjölga sögumönnum.

Tvær af vísunum eru undir fornyrðislagi og vísuþrotið úr Fáfnismálum er undir ljóðahætti og eru því hluti af frásögninni en auk þeirra verður að telja vísur 3, 6, 8, 9,10 og 11 til þeirra kvæða sem eru hluti frásagnar og fjölga þannig sjónarhornum sögunnar. Vísa Nefara (v.10) er í þessum flokki, og er herhvöt til Kuflunga og Blakkur kveður andsvar þegar Birkibeinar hafa safnað vopnum sínum (v.11). Vísurnar koma í stað herhvata frá konungi og foringja uppreisnarmanna. Eins er kvæði Bjarna Kálfssonar írónísk lýsing inn í frásögn um hvernig her Sverris þurfti að ferðast um Noreg vegna hestleysis.

Hinn helmingur vísanna telst vera staðfesting eða sönnun á þeim atburðum sem lýst er en standa fyrir utan sjálfa frásögnina. Í þessum hópi eru vísur Kuflunga (v.15) eftir að Kuflungar brenndu flota Birkibeina í Björgvin og svarvísur Birkibeina (v.16). Reyndar eru þessar vísur dæmi um hvernig vísurnar gera söguna margradda. Þær segja frá bruna flota Sverris frá sitt hvoru sjónarhorninu, sami atburður en tvær niðurstöður. Vísur Halls Snorrasonar (v. 4-5) eru til staðfestingar frásögninni. Vísurnar auka á fjölbreytileika frásagnari og er um leið ætlað það hlutverk að auka trúverðugleika sögumanns. Með vísunum verður einnig meiri dýpt í frásögninni.

Ekki er hægt að líta framhjá því að á ritunartíma sögunnar er farið að halla undan fæti hjá hirðskáldum og sjást þess merki í þætti Skáld-Mána sem hefur bæði hlutverk trúðs og skálds. Því má vel skoða kvæðin í því ljósi að höfundurinn sé að viðhalda gömlum menningararfi með því að gefa vísunum pláss í sögunni um leið og hann skýrir og staðfestir

⁵⁴ *Skjaldedigtning A1*, bls. 535.

⁵⁵ *Edda Snorra Sturlusonar*, bls. 323-324.

framvindu sögunnar. Í þeim konungasögum sem samdar höfðu verið voru vísur og í þeim sem komu á eftir eins og í Heimskringlu og Fagurskinnu eru vísur og reyndar hlutfallslega mun fleiri en í *Sverris sögu*.

Ræður Sverris

Bygging

Hver ræða hefur sín sérkenni sem markast af lengd, efnistöfum, umræðuefni og aðstæðum. Eins og kemur fram í inngangi er bein ræða mikið notuð í *Sverris sögu* og þar er fjöldi eiginlegra ræðna sem haldnar eru á opinberum vettvangi. Hér þarf að forðast að rugla saman beinni ræðu eða opinberi ræðu. Dæmi um beina ræðu í *Sverris sögu* eru orð Erlings skakka er hann féll við á leið til orrustu og sagði, „[f]all er farar heill“ en dæmi um opinbera ræðu er bindindisræðan (8). Fjöldi af fjórskiptum ræðum í sögunni gerir hana frábrugðna öðrum konungasögum sem eru sjaldan með skipulögðum ræðum nema þá Ólafs saga Tryggvasonar hin mesta.⁵⁶ Þær ræður sem hér eru skoðaðar eru allar með fjórskipt byggingarform. James E. Knirk segir fjórskiptingu formsins vera: Inngang (exordium), stöðumat (exposition), rökfærslu (argument) og niðurstöðu (conclusion). Þessar ræður segir hann vera byggðar upp eftir retróískum kenningum og kallar þær klassískar og verður það nafn haft fyrir þessa gerð af ræðum.⁵⁷ Inngangur er alltaf mjög stuttur í *Sverris sögu* og líkari ávarpi (salutatio), eins og inngangur ræðunnar við Fimreiti, „[e]kki er at dyljask við ófriðinn. Þetta eru víst langskipa segl.“ Stuttur inngangur er frávík frá þeirri latínuhefð sem ræðustíllinn kemur úr. Þar tíðkast gjarnan að hafa inngang þrískiptan, byrja á því að vekja athygli áheyranda (attentum parare), síðan skjalla hlustanda og gera móttækilegan (docilem parare), og í þriðja lagi að ræðumaður nái velvild áheyranda (captatio benevolentiae).⁵⁸ Þessi bygging er sótt í rit sem nefnist *Mælskufræði tileinkuð Herenniusi (Rhetorica ad Herennium)* sem talið er skrifað á 1. öld f.kr.. Þar er talað um sex hluta ræðunnar: inngang (exordium), frásögn staðreynda (narratio), skipting efnis (partitio), sönnun (confirmatio),

⁵⁶ Knirk, bls. 52.

⁵⁷ Knirk, bls. 51-52.

⁵⁸ *Íslensk stílfræði*, bls. 19.

afsönnun (confutatio) og að lokum niðurstöðu (conclusion).⁵⁹ Greiningar líkan fyrir byggingu ræðu í *Mælskufræði tileinkuð Herenniusi* er flókin fyrir ræður Sverris, að hugsanlega má þó greina áhrifa sex skiptar ræðu í þingræðunni í Björgvin. Í öðrum ræðum sem hér er fjallað um gætir ekki þessarar skiptingar. Því er fjórskipting ræðu, líkan sem hentar vel til greiningar á ræðum í *Sverris sögu*.

Ræður geta haft fjórskipta byggingu þó að það vanti einn ræðukaflann, oftast er að þá vanti inngang eða niðurstöðu.⁶⁰ Ræðurnar eru oft knappar og þá getur verið freistandi að hlaupa yfir inngang. Birkibeinaræðan (1) er t.d. þrískipt þar sem inngang vantar en söguritari sameinar samtöl og ræðu. Þá eru ræður fleygaðar af innskoti frá sögumanni eða ræðan klárast í næsta kafla. Sem dæmi um þetta tekur Knirk ræðuna við Strindsæ, meginræðan er á bls. 241, hún er fleyguð með frásögn og ræðubút á bls. 242 en rökfærslan og niðurstaðan koma síðan á bls. 244. Ræðan við Fimreiti er þessu sama merki brennd, að vera mikið fleyguð.

Venjulega eru höfð einhver orð um ræðu eftir flutning en stíll er knappur. Við ræðu á Vors er óvenjulega mikið fjallað um áhrif ræðunnar í frásögn sem fer á eftir. Ef skoðaðar eru ræður og móttökur sem þær fá er það aðaleinkenni að enginn umfjöllun er um viðtökur í fimm ræðum : Birkibeinaræðunni (1), herhvöt við Norðnes (5) og herhvöt við Fimreiti (6), Björgvinjarræðunni (8) og Græningjasundsræðunni (9). Ekki er hægt að rekja nein tengsl milli viðbragða og ræðum við staðhætti eða efni ræðu né hver aðferðin var, að upplýsa, sannfæra eða hvortveggja. Við hinum fimm ræðunum sem teknar eru fyrir þá er viðtökum gerð skil, oftast í mjög stuttu máli eins og eftir Túnsbergsræðuna (10), „[l]auk svá þinginu at allir játuðu at konungr skyldi ráða.“⁶¹ Þær ræður sem sagt er frá viðtökum eru þar í sögunni, þar sem áhrif Sverris á söguna eru meiri, það er í upphafi hennar og aftur í lok sögunnar.

Því fer hins vegar fjarri að öll bein ræða í *Sverris sögu* sé í sígildum ræðustíl, þar er oft um að ræða orðaskipti í hita bardagans eins og þegar Helgi bjargaði Sverri upp úr árarúminu og Helgi segir, „[i]lla munum vér skiljask við várn konung.“ og Sverrir svarar, „Helgi, konunga

⁵⁹ Árni Sigurjónsson, bls. 70.

⁶⁰ Knirk, bls. 52.

⁶¹ *Sverris saga*, bls. 277.

þú nú eigi í meira lagi fyrst.“⁶² Dæmigerð samskipti, undirmaður útskýrir og yfirmaður ávítar. Tvískiptar ræður koma fyrir eins og í samtali Sverris við Eirík bróður sinn við járnburð þess síðarnefnda. Fyrri hluti og sá fyrirferðarmeiri er þegar Sverrir sannfærir Eirík um að hann, Sverrir, muni sitja áfram sem konungur, hvernig sem faðernismálinu ljúki. Seinni hluti er svo upplýsingar til Eiríks um hvaða kosti hann hafi í stöðunni.

Í ræðum sínum höfðar Sverrir bæði til rökrænna þátta og skynrænna þátta. Í ræðu á Vors er mjög höfðað til skynjunar en í bindindisræðunni (6) er hins vegar mög höfðað til rökhugsunar. Sverrir segir einnig dæmisögur í rökfærslum eins og í herhvöt á Íluvöllum (47)er sagan af karlssyni sem fer til orrustu og þannig skýrt hvernig maður ber sig að í stríði og hvað það er sem hugsa ber um. Hetjuleg barátta er lausnin. Einnig er fjöldi orðtaka í ræðunni sem höfðar í senn til skynsemi og rökhugsunar sem og skynrænna viðbragða, en notkun orðtaka í *Sverris sögu* er meiri en í öðrum konungasögum.⁶³ Það er einkum hetjuhugsun og ágirnd sem höfðað er til í því skyni að hvetja menn til dáða.⁶⁴ Því er það að bæði fyrir orrustu við Eyrar og orrustu við Fimreiti lofar Sverrir sínum mönnum miklum ávinningi ef þeir vinni sigur. Sverri höfðar þannig bæði til háleitrar hugsunar um hetjuna og lágkúrulegra hvata ágirndarinnar þegar hann fær sína menn til liðs við sig, hin upplýsta sjálfsekska hvers manns er drifkraftur, ásamt hetjuhugsjón.⁶⁵

Ávörp í ræðum Sverris eru fjölbreytileg. Í Feginsbrekku er hann bjartsýnn „[n]ú munum við fagan sigr vinna.“⁶⁶ Á Íluvöllum er þyngra fyrir, „Hér er mikill herra saman kominn ok frítt lið.“⁶⁷ Hann er yfirvegaður þrátt fyrir liðsmun, „Magnús konungur mun brátt koma á vörn fund með her sinn.“⁶⁸ Sama á við þegar búið er að króa hann af við Fimreiti við mikinn liðsmun, „Ekki er að dyljask við ófriðinn.“⁶⁹ Í þingræðunni í Björgvini (104) er hann fræðilegur og

⁶² *Sverris saga*, bls. 47.

⁶³ Knirk, bls. 64.

⁶⁴ Bagge, bls. 25-26.

⁶⁵ Bagge, bls. 27.

⁶⁶ *Sverris saga*, bls. 57.

⁶⁷ *Sverris saga*, bls. 73.

⁶⁸ *Sverris saga*, bls. 83.

⁶⁹ *Sverris saga*, bls. 135.

virðulegur, og vitnar í Davíðssálm. Þannig fer upphaf ræðu eftir tilefninu en er ekki í fast mótuduðum orðatiltækjum.

Þeim ræðum sem hér er fjallað um má skipta í þrjá flokka: Í fyrsta lagi eru pólitískar ræður: Birkibeinaræða (1) Sverris þegar hann veiðir Birkibeina til fylgis við sig, líkræða yfir Erlingi (3), þingræðan í Björgvin (5) og Græningjasundsræða (6) ganga út á það að Sverrir sé hinn eini og sanni konungur Noregs, réttborinn arftaki Ólafs helga. Bindindisræðan (1) boðar innflutningshöft og almennar aðgerðir til að hamla gegn drykkju. Annar flokkur eru herhvatir en þær eru þrjár, við Íluvelli (4), Norðnes (5) og Fimreiti (6). Þriðji flokkur eru tvær ræður um miskunnsemi og þær kallast á, ákall um miskunn Guðs á Vors (2) og Guð miskunnar Birkibeinum að lokum, og miskunn Sverris við Bagla við Túnsberg (10). Sverrir er Guðs útvaldi konungur hafinn yfir viðhorf sinna manna og sýnir mátt sinn líkt og Guð með því að miskunna Böglum.⁷⁰

Ræðurnar eru ekki eiginlegar ræður heldur endursögn af ræðum sem notuð er í sögunni til að varpa skýrara ljósi á söguþráð og persónur. Það sem bendir til þess er ræðulengd, ræðurnar eru afar stuttar miðað við tilefni þó þær teljist langar miðað við ræður í öðrum konungasögum.⁷¹ Skýringar eru knappar og útúrdúrar litlir, samræming milli ræðu og atburða er augljós. Þannig eru ræðurnar í samræmi við þann Sverri sem sagan lýsir, þær varpa ljósi á persónu hans og söguþráð og styðja þá mynd sem dregin er upp af Sverri í sögunni.⁷²

Stíll

Í byrjun er sagan hlutlæg og sögumaður er nokkuð áberandi en það breytist er líður á söguna. Hann dregur sig í hlé og sagan breytist og verður hlutlægari, upplýsingar verða fyrirferðameiri úr herbúðum Magnúsar og hans manna.⁷³ Ræður og draumar gefa þó sögunni áfram huglægan blæ og hlutlæg frásögn sögumanns sem segir söguna báðum megin víglínu dregur alltaf frekar

⁷⁰ *Sverris saga*, bls. 34-35; 276-278.

⁷¹ Knirk, bls. 52.

⁷² Þorleifur Hauksson, bls. LXVI.

⁷³ Þorleifur Hauksson, bls. LXX.

taum Sverris en óvina hans. Í formála útgáfunnar er bent á að þessa afstöðu megi frekar ráða af framsetningu atburða en að hann leggi beinlínis dóm á persónur sögunnar. Reyndar ber sögumaður Magnúsi alltaf vel söguna sem verður til að gera veg Sverris enn meiri því hans sigur verður meiri fyrir að sigra þann sem vinsæll er.

Ræðurnar koma að nokkru leyti í stað dróttkvæða í öðrum konungasögum. Dróttkvæði í sögunni hafa m.a. það hlutverk að fjölga sjónarhornum og að fjölga sögumönnum því höfundar kvæða eru margir. Vísurnar og vísuþrot eru þannig mikill hluti af stíl sögunnar og fjölbreytileika og eru órækt vitni um kunnáttu í kveðskap og menningu sem er merki þess liðna. Ný sjónarhorn sem fást með vísu og ræðum ásamt draumum Sverris eru mikilvæg fyrir stíl sögunnar. Með þessu verður sagan tvísaga eða margraddda póstmódernísk frásögn.⁷⁴

Stíll á ræðum er hófstílltur og ræðurnar eru velflestar í lágstíll (genus humile) og endurspeglast þannig tign ræðumanns í hinum lægsta sem á vel við samlíkingu Sverris á sjálfum sér við hið guðlega, hvort sem það er Abraham, Davíð, Jesús, heilög þrenning eða Guð einn.⁷⁵ Ræðurnar eru þó mjög fjölbreyttar og stíll aðlagast efni, þannig verður stíll ræðu á Vors (2) (nær hástíll (genus sublime) þar sem Birkibeinar voru verulega hætt komnir meðan bindindisræðan í Björgvin (8) er með lágan málshátt (sermo humilis). Ýmsum mælskubrögðum er beitt sem skapa fjölbreytileika. Andstæður (antithesis) og hliðstæður (parallelismus) eru notaðar í ræðu á Vors, „[e]kki vita til Guðs, kristnir menn, kristinna manna börn, enga ván til Guðs, fjándans áminning, Guðs miskunnar, strangr Guðs bardagi, váru illlífi, barðir af Guði og grimmð hans [þ.e. Guðs]“.⁷⁶ Í sömu ræðu kemur vel fram hvernig er klifað (conduplicatio) á orðinu Guð. Fyrir Íluvallabardaga (4) segir Sverrir mönnum sínum dæmisögu (fabula) af bóndasyni sem er á leið til orrustu.⁷⁷ Myndhverfingar (metaphora) eru notaðar eins og „at kimbla yðrum vandræðum“⁷⁸ og skylt stíllbragð er nafnskipti (metonymia), „góðir hálsar“.⁷⁹

⁷⁴ Kristeva, bls. 108-109.

⁷⁵ *Íslensk stílfraði*, bls.24, vísar til Augustinus, De doctrina christiana IV.3, PLXXXIV, 90

⁷⁶ *Sverris saga*, bls. 34-35.

⁷⁷ *Sverris saga*, bls. 72-73.

⁷⁸ *Sverris saga*, bls. 13.

⁷⁹ *Sverris saga*, bls. 72.

Stuðluð orðapör eins og „föng og föruneysi“⁸⁰ og orðtök eða málshættir eru einnig algeng t.d. eru fjögur slík í herhvöti fyrir Íluvallabardaga (4).⁸¹ Allnokkuð er af viðlíkingum (similitudo) bæði einföldum, „sem krákuunga“ og flóknari, „sem hér vaði allt saman kálfar ok úlfar“.⁸² Nokkuð er um þenslu eða stigmögnun (gradatio) dæmi um það má finna í Birkibeinaræðunni (1), [e]m ek ok til engrar ráðagerðar fær, sá maðr er í einu útskeri er fæddr ok fjarri öðrum löndum.“⁸³ Forspá er töluvert áberandi stílbrigði í ræðum og kallar Þorleifur hana sögumannsfyrirhyggju í formála. Í herhvötunum þrem sem hér verður fjallað um eru dæmi um þessa sögumannsfyrirhyggju.⁸⁴ Eitt stílbragð er enn ótalið en það má finna í nánast öllum ræðum en það er kaldhæðnin eða írónían sem reyndar er einnig einkennandi í frásagnarhluta sögunnar. Dæmi um það er að finna í líkræðu yfir Erlingi skakka (3), þegar Sverrir talar um áhrifamátt árnaðarorða Eysteins til hermanna Magnúsar konungs.

Hlutverk

Fjögur hlutverk ræðu í sögunni eru persónusköpun, spádómur, framvinda og staðfesting þess sem gerst hefur, í tveimur síðarnefndu atriðunum er ástæða til að skoða nánar í samhengi við hlutverk ræðu og hlutverk dróttkvæða í sögunni. Það sjónarhorn sem næst með ræðu er frábrugðið sjónarhorni sögumanns og gefur tækifæri til að skerpa á og skýra, en um leið að mynda samfellu við frásögnina.

Sjálfsmynd Sverris birtist hvað skýrast í ræðum hans. Þannig kynnist lesandi klóka og framsýna Sverri í Birkibeinaræðunni (1) og herhvötum, þar birtist einnig leiðtogi og herstjórnandi. Konunginn sjáum við í líkræðu yfir Erlingi (3), í Björgvinjarræðunni (7), bindindisræðunni (8) og Græningjasundsræðunni (9). Hann er hinn trúaði leiðtogi og konungur í ræðu á Vors (2) og við Túnsberg (10). Það eru ekki hvað síst lýsingar úr ræðum sem gera söguna að ævisögu Sverris um leið og hún er konungasaga Noregs. Sami maður er bæði hinn tigni og miskunnsami Sverrir í Túnsbergsræðu (10) og hinn hefnigjarni og slóttugi leiðtogi í orrustunni við Strindsæ þegar Sverrir hvatti sína menn, „minnizk þér nú þess er Baglar sveltu

⁸⁰ *Sverris saga*, bls. 14.

⁸¹ *Sverris saga*, bls. 73.

⁸² *Sverris saga*, bls. 153-154.

⁸³ *Sverris saga*, bls. 14.

⁸⁴ Þorleifur Hauksson, bls. LXVIII.

yðr fyrra sumar í Björgyn í borginni, ok gefið engum manni grið nema þeim er á minn fund komazk“.⁸⁵ Ræðurnar sýna ekki einsleitna mynd af Sverri heldur mann sem breytti eftir þeim aðstæðum sem hann rataði í. Ræður annarra eru einnig notaðar til að draga upp mynd af Sverri t.d. með ræðu Svína-Péturs, samherja konungs og úr óvinaliðum Sverris, ræður Eysteins biskups og Magnúsar konungs og fleiri ræður.

Ef Sverrir hefur sagt söguritara fyrir ræður sínar eins og formálinn segir þá eru ræður Sverris einmitt sá hluti sögunar sem er sjálfsævisögulegur. Í *Sverris sögu* birtist okkur ekki sjálfsskoðun eða mat á eigin gerðum líkt og hjá Ágústínusi forðum, nær væri að nálgast kjarnann út frá því að orð er innri maður, og þannig má komast næst því hvernig Sverrir skapar sjálfan sig í ræðum sem lýsa þeim manni sem hann vildi vera. Ræður Sverris eru gjallarhorn hans í sögunni. Í þeim fer innræting fram, þar blæs hann mönnum sínum móð í brjóst. Meðan frásaga hefur ákveðið hlutleysisyfirbragð þá gefur ræða Sverri svigrúm fyrir hans sjónarhorn á atburði.⁸⁶ Með ræðunni endurskapar Sverrir sig, það sem sagt er, það verður.⁸⁷ Sama gildir um aðra ræðumenn nema þar skapar sögumaðurinn persónurnar,⁸⁸ lesandi kemst nær því sem gerist innra með sögupersónum, á vissan hátt líkt og sendibréf eru notuð í nútímabókmenntum.

Forsagnir, eða spádómar eru víða í beinni ræðu Sverris. Þegar Sverrir hvetur sína menn áfram gegn Jömtum lýkur hann orðum sínum svo „[e]n veitum þeim fyrst harða árás ok freistum ef þeir vikni fyrir.“⁸⁹ Frásögn af bardaga við bændur á Jamtalandi staðfestir síðan frásögnina. Í ræðunni fyrir bardaga við Norðnes (5) hamrar Sverrir beinlínis á spádómsgáfu sinni, „Nú vænti ek at vér skulum sigr bera af þeim. Hefir yðr þat sjaldan logizk er ek sagði þá er várir fundir hafa at borit.“⁹⁰ Staðfestir síðan frásögn af bardaganum að spádómurinn er réttur. Fyrir bardaga við Fimreiti (6) segir hann fyrir um dauða konungs en er óljósari en fyrr, þannig að liðmenn hans vita ekki hvor konungur muni falla. Hann spáir síðan í lok Björgvinjarræðu að hann verði sótt dauður. Síðasta draum Sverris ræður Pétur svartí á þann veg

⁸⁵ *Sverris saga*, bls. 244.

⁸⁶ Ármann Jakobsson, 1997, bls.270.

⁸⁷ Ármann Jakobsson, 2005, bls.109.

⁸⁸ Þorleifur Hauksson, bls. LXVII.

⁸⁹ *Sverris saga*, bls. 42.

⁹⁰ *Sverris saga*, bls. 83-84.

að nú sé komið að leiðarlokum hjá Sverri. Forvitur maður er vitur maður en hins vegar ef ranglega er spáð verður spámaðurinn að gjalti, á því fékk Nikulás biskup að kenna. Hann segir Birkibeinum að nú séu þeir bannsettir og því muni sverð þeirra ekki bíta og þeir ekki þora til bardagans. Þetta reyndist fleipur og þegar Baglar reyna að þetta er rangt og þegar þeir leggja á flóttu, segir einn Bagla hermaðurinn, og írónían er beinskeytt: „[l]ízk oss svá sem Birkibeinum bíti nú sverðin.“⁹¹

Eins er áhugavert að skoða hvort ræða er viðbót við söguna eða staðfesting hennar eða jafnvel hvort tveggja. Birkibeinaræða (1) er hluti af sögunni og bætir við hana, skerpir sýn á stöðu Sverris og Birkibeina í upphafi. En um leið er hún staðfesting á því sem á undan er komið og gefur þannig í skyn framhald sögunnar. Líkræða Erlings (3) veldur kaflaskilum, er fyrst árétting á orðnum hlut og forsögn fyrir næstu atburðarrás. Herhvötin á Íluvöllum (4) er skýring á því sem er að gerast og er viðbót við söguna. Hins vegar eru tvö vísubrot í ræðunni sem líta má á sem staðfestingu á því sem gerst hafi og gerast mun og yfirtaka þau hlutverk ræðunnar. Herhvöt við Norðnes er líkt og sú við Íluvelli, hluti af atburðarás en um leið spásögn fyrir því sem gerast mun í bardaganum. Herhvötin er lík hinum tveim á undan að uppbyggingu, en spásögn er óljósari og setti ugg að Birkibeinum sem vissu ekki hvernig túlka bæri. Í Björgvinjarræðu er byggt á spám, til að segja um hvað hafi gerst og spáin notuð sem skýring og sönnun á því sem gerst hafi. Ræðan er staðfesting á orðnum atburðum sögunnar en um leið spáir ræðan til um það sem á eftir að gerast eða ekki gerast. Sverrir mun ekki falla fyrir vopnum. Bindindisræða er skýring á því sem gerst hefur, varpar ljósi á atburðarásina og staðfestir sjónarmið Sverris. Græningjasunds-ræða er skýring á sögunni með óljósri spá um samskipti við Nikulás biskup í framtíðinni. Síðasta ræða Sverris er skýring á hvers vegna beri að fyrirgefa og lýkur á forsögn eða fyrirheiti til Birkibeina. Túnsbergsræða (10) kallast á við Vorsræðu (2) og staðfestir þá miskunn sem Sverrir ákallar á Vors.

⁹¹ *Sverris saga*, bls. 202.

1. *Sverrir færir undan við Birkibeina K. VIII*

Fyrsta ræða Sverris er þrískipt.⁹² Inngang vantar og hefst ræðan á skýringum Sverris á stöðu hópsins og stöðu hans sjálfs. Hann færir rök fyrir því sem gera þarf, „Verð ek þess ... Erlingsson“ og kemur með niðurstöðu málsins. Niðurstaðan er að senda Birkibeina annað, „Farið þangat“.

Ræðan notar lágan málshátt (*sermo humilis*)⁹³ sem er stríður þrátt fyrir hófstillinguna. Mikið er um orðapör sérstaklega í stöðumatshluta ræðunnar eins og „fýsilegt ...ráð“. Einnig innan sömu málsgreinar eru orðapör í fyrri setningu sem kallast á við orðapör í næstu setningu, „menn snauðir“ og seinna „félítill...ókunnur“. Orðapörun verður að samstæðu í lok skýringarkafla og fyrsta parið er með úrdrætti „lítt vanir“ svo kemur parið „stórræði eða starf“ og „fátt til félags“ og í lok málsgreinar „féleysi ...vanda.“ Í rökfærslukafla ræðunnar hægir á en það má engu að síður finna myndhverfingu „at kimbla...áhyggju“ sem sækir mynd í kornknippin sem lutu kornknippi Jósefs í draumi hans.⁹⁴ En stuðlunin „Birgir mágr minn ok Brigit“ virkar hins vegar gegn lágstílnum en þar sem þetta eru raunveruleg nöfn sögupersóna, skerpir þessi andstæða rökfærslukafllann. Í niðurstöðukafla sem er sýnu lengstur bregður einnig fyrir stuðlun í „föng og föruneysi“ og þar er einnig orðaparið „her...landráð“, en í þeim kafla verður orðaparavendin „útskeri fæddur“ og „öðrum löndum“ minnisstæð, en Sverrir á eftir að nota þá setningu aftur í Björgvinjarræðunni í kafla 99. Notkun orðapara er mjög markviss. Í skýringarkafla er þeim mikið beitt til að mynda ákafa og hraða, síðan hægir á í rökfræðihluta og enn meir í niðurstöðu, aðalatriði verða þannig skýrari ef hraði er minnkaður en stíll látinn halda sér allt til enda ræðu.⁹⁵

Efnislega myndar ræða Sverris hliðstæðu við söguna til þess tíma að hún er haldin. Hún staðfestir að hann er „sá maðr er í einu útskeri er fæddr ok fjarri öðrum löndum.“ Til að geta allrar nákvæmi verður að geta að „fæddr“ á við uppallinn því vissulega var Sverrir fæddur í

⁹² Knirk, bls. 51-52.

⁹³ *Íslensk stílfraði*, bls.179.

⁹⁴ *Biblían*, 1Mós 37.7.

⁹⁵ *Sverris saga*, bls. 13 og 14.

Noregi samkvæmt sögunni. Í ræðunni er greind sú staða sem hann og Birkibeinar eru í og færir Sverrir skynsamleg rök fyrir þeirri niðurstöðu að hann geti ekki talist góður kostur sem foringi í þeirra félagi en bendir á frændur sína sem líklegri kost í stöðunni. Sverrir bendir á féleysi sitt og þeirra og að þeir viti ekki hvað þeir vilji, „vitið eigi gërla hverjum þér þjónið“⁹⁶ en það er mjög mikilvægt. Slíkan foringjalausán her á hann eftir að kalla höfuðlausán her þegar Kuflungar herja á hann.⁹⁷ Í sögunni er mikilvægt fyrir Sverri að verða konungur og að því keppir hann. Réttlætning fyrir því að hann sé konungur frekar en Magnús, er að Magnús er dóttursonur konungs en Sverrir er sonur konungs. Samkvæmt lögum frá Ólafi helga á konungur að vera sonur konungs. Hverju öðru munar í stjórnarfari er aukaatriði í sögunni. Um sjálfan sig segir hann lítið vitað nema það sem hann sjálfur segi og auk þess er hann ekki alinn upp í valda- eða menningarmiðju Noregs og hafi því ekki pólitískt afl né kunnáttu til stórræða. Sverrir lýsir sér sem fákunnandi manni af jaðarbyggðum Noregs.

Það er nauðsynlegt fyrir Sverri að gefa frændum sínum kost á að segja sig frá málum til að þeir síðar meir geri ekki kröfur til konungsdóms, eða að minnsta kosti eigi óhægara um vik. Afkomendur Sigurðar munns er eftir lifa þurfa að samþykkja staðhæfingu Sverris að hann sé sonur konungs. Þannig áttu sigrar Sverris gegn Erlingi skakka og Magnúsi Erlingssyni eftir að reynast Sverri ígildi járnburðar við tilkall hans til sonarréttar síns. Þessi stjórnunaraðferð Sverris, að láta fólk sitt taka þátt í ákvörðunum, átti eftir að vera eitt af aðal einkennum Sverris sem stjórnanda. Í framhaldinu verða svo Birkibeinar að koma aftur til Sverris og nú þröngva þeir honum til að taka við foringjastöðunni með því að hóta honum lífláti ef hann þekkist ekki boðið. Betri samningsstöðu er varla hægt að hugsa sér, það eru Birkibeinar sem bera ábyrgð á Sverri, þeir gerðu hann að konungi nauðugan viljugan og þeir verða að standa við sína ákvörðun. Þannig markar þessi ræða umkomuleysis og guðleysis upphaf af sigurgöngu Sverris og er inngangur að sögu hans. Ræðan lýsir vel allsleysinu og þeim aðstæðum sem Sverrir hefst upp úr og minnir þannig óneytanlega á Jesús sem var frá þeim útnára Ísraelsríkis Nasaret og er því undarlegt að Guð er hvorki nefndur til né ákallaður. Draumur Sverris þar sem Samúel

⁹⁶ *Sverris saga*, bls.13.

⁹⁷ *Sverris saga*, bls. 168.

spámaður birtist honum, líkir honum við Davíð og Jesús sem vísar einnig til Abrahams og Sverrir horfir einmitt til þeirra og sér sína köllun sambærilega, það er Guð sem kallar.

Draumar sem kynntir eru í upphafi mynda andstæðu við þá stöðu sem Sverrir hefur í upphafi sögunnar og lýsir í ræðunni, svo mikla að telja verður íróníska. Líkt og Jósef var hann ekki líklegasta höfðingjaefni þjóðar sinnar. Draumur sem Sverri dreymir áður en hann fer til Noregs breytir afstöðu hans því hann, „kveikðu huginn hans til hefndar eftir sína frændr“⁹⁸ segir sagan. Í draumnum þvær hann sér af sama brunni og Ólafur helgi sem áður hafði ýtt öðrum frá sem vildi þvo sér af sama vatni. Hann tekur við merki heilags Ólafs sem varði merkið, þá dreymir hann í sama draumi að hann taki merkið og beri í fylkingu þeirra feðga Magnúsar og Erlings jarls, sem lét undan er á var sótt.⁹⁹ Á undan þessum draumi hafði Sverri dreymt marga drauma er ekki voru teknir trúanlegir en vísuðu til óraunverulegra vegsemda.¹⁰⁰ Eftir samkomulag við Birkibeina og þegar Sverrir er orðinn konungur með hirð þann 7. mars 1177 dreymir hann enn til staðfestingar sinnar breyttu stöðu og hann segir þeim tólf (líkt og postularnir hjá Jesú) sem voru með honum í herbergi frá draumi sínum. Enn líkir hann sér við Jesús og aftur eru það atburðir í vöku. Draumurinn er flóknari og minnin verða „typologisk“. Í draumnum verður Sverrir að flýja úr bænum því þeir feðgar Magnús konungur og Erlingur jarl eru að leita hans. Líkist upphafið þannig því þegar flúið var með Jesús frá Jerúsalem, Sverrir flýr í Maríukirkju. Til hans kemur Samúel spámaður sá hinn sami og valdi og smurði Davíð til konungs. Samúel smyr hendur Sverris og segir honum að hann eigi að verða konungur og að Guð verði með honum.¹⁰¹ Sverrir sér sig sem hliðstæðu við Davíð og Jesús, Guð er að kalla hann til verka fyrir sig, hann á að leiða þjóðina. Ræðuna verður að skoða í ljósi þessara drauma, því draumarnir eru staðfesting Guðs til Sverris. Ræðan vottar því um visku Sverris, og framsýni, klókindi hans felast ekki hvað síst í því að deila draumum sínum með fylgismönnum og þannig undirbúa þá fyrir það sem koma skal.

⁹⁸ *Sverris saga*, bls. 8.

⁹⁹ *Sverris saga*, bls. 8 og 9.

¹⁰⁰ *Sverris saga*, bls. 6.

¹⁰¹ *Sverris saga*, bls. 16 og 17.

Ræðan endurspeglar allar fjórar formgerðir sögunnar. Yfirborðssagan er þó daufust, Sverrir segist ekki vita um ætt sína nema það sem hann einn segi, öðrum er hulin ættgöfgi hans. Þessi staða á eftir að breytast og yfirborðssagan kemur sterkar fram er líður á söguna, og í lokaorðum Sverris er aðaláhersla á ætternið. Ævintýrið er allegorískt og upphaf þess er megin þema þessarar ræðu og aðalsetningin í rökfærslunni er, „Em ek ok til engrar ráðagerðar fær, sá maðr er í einu útskeri er fæddr ok fjarri öðrum löndum.“ Setningin myndar fullkomna andstæðu þess sem lýst er þ.e. umkomuleysinu og þess sem talar og er sá sem valdið hefur en „typologisk“ lýsing sækir fyrirmyndina í Jesús sem fæddist í fjárhúsi og til Davíðs sem var fjárhirðir er hann var kallaður af Samúel spámanni. Draumur Sverris áður en hann fer til Noregs er siðferðisleg réttlætning á gerðum hans þar sem Ólafur helgi velur Sverri umfram Magnús konung. Þegar Birkibeinar höfðu knúið Sverri til konungs þá dreymir hann staðfestinguna. Hann er útvalinn af Guði sem sendir spámann sinn Samúel til að smyrja Sverri líkt og Davíð áður. Sverrir er nú smurður konungur fyrir guðsnáð og þar er saga fjórðu formgerðarinnar um hið guðlega eðli sögunnar.

2. *Við Vors K. XX*

Ræðan hefur fjórskipt skipulag. Inngangur kemur sem frásögn sögumanns að hluta en fyrsta setning sem er fleyguð verður að teljast með fyrsta kaflanum. Stöðumat er fyrsta málsgreinin að frádreginni fyrstu setningu. Skýringar á aðstæðum eru í frásögn af volkinu á fjallinu og staðfestir ræðan þannig frásögn. Rökfærsla hefst svo á annarri málsgrein og endar með setningunni „er ek vil upp taka.“ Niðurstaða hefst með „Nú skulum vér allir “ og endar með ákalli til Ólafs helga.¹⁰²

Stíll er flóknari hér en víðast í *Sverris sögu*. Ræðan byrjar með skýringarkafla í lágstíl, allt skrautlaust og skýrt. Eftir það verður stíll háfleygari og ofsafengnari fyrir áhrif mikillar notkunar á hliðstæðum og andstæðum. Eitt af einkennum *Sverris sögu* er mikil notkun á málsháttum. Í rökfræðikafla er myndhverfing og máltækið að kunna fótum sínum forráð, um að

¹⁰² Knirk, bls. 53.

hafa stjórn á sjálfum sér, sem myndar andstæðu við myndhverfinguna, að ganga fyrir hamra ofan, í merkingunni að fyrirfara sér. Í næstu setningu eru hliðstæður og nú er einnig beitt úrdrætti „ekki vita til Guðs.“, og „enga von til Guðs.“ Á milli þessara hliðstæðna er svo þensla og hliðstæða „kristnir menn ok kristinna manna börn,“ Í byrjun niðurstöðukaflans dregur heldur úr en orðapör halda áfram að kallast á „fjándans áminning“, „Guðs miskunnar“, „strangr Guðs bardagi“, „váru illífi“, „barðir af Guði“, „grimmð hans“ og „mjúklæti ok lítillæti“. Þannig aðlagast stíll viðfangsefni og flóknum aðstæðum. Nú eru tilfinningar ekki síður en skynsemi sem höfðað er til. Því næst vitnar Sverrir beint í Biblíuna og eftir það lyftist stíllinn aftur til hærri hæða og Sverrir notar andstæður til að skerpa rökin, „at lúta með góðum hlutum til Guðs miskunnar en hrapa með óráðum í fjándans hendr.“ Næsta setning er í lágstíl, þar setur Sverrir fram rök sem hann vill að séu skilmerkileg fyrir hópinn. Lokaniðurstaða er hins vegar háfleyg með tveim hliðstæðu pörum, „Guðs miskunnar ok heilagrar Marie“ annars vegar og hins vegar „ins helga Ólafs konungs með helgum bænum.“¹⁰³

Ekki urðu allar ferðir til fjár eða frama, Birkibeinar lentu í hinum mestu hrakningum. Á ferð sinni frá Læradal á Vors og til Björgvinjar lentu þeir í fyrirsát frá bændum er þeir koma af fjalli og máttu snúa við aftur á fjallið. Þeir hrepptu hið mesta hrakningaveður og kom kurr í mannskapinn, vildu sumir ganga fyrir björg til að ljúka þessu af. En jafnt í meðbyr sem mótlæti leitar Sverrir Guðs, í ræðu við Vors leggur hann útaf baráttu heiðni og kristni, sér hann það sem heiðinn sið að ganga fyrir björg eða fremja sjálfsvíg. Hann minnir menn sína á að sýna mildi og lítillæti og ákallar Guðs miskunn ekki sjaldnar en þrisvar sinnum í ræðunni. Ótrúlegar andstæður, veðurofsi og framganga sem Sverrir leggur að mönnum sínum. Hér eru andstæður maðurinn og náttúran, ræðan gegn veðurhamnum. Frásögn jaðrar við að vera íronísk en minnir kannski enn frekar á helgisögur en hetjur á heljarlóð. Hetjan gengur af festu og æðruleysi í gegnum veðragný. Sverrir leggur til í þessum aðstæðum að ganga fram með hógværð og lítillæti sem minnir á framgöngu helgra manna í orrustum eins og t.d. framgöngu heilags Martinusar, sem sneið í sundur möttul sinn og gaf þurfalingi helming en hafði sjálfur helming

¹⁰³ Knirk, bls. 52.

og ætlaði vopnlaus í fylkinguna til orrustu í drottins nafni.¹⁰⁴ Ræðan styður vel við frásögnina á undan og kemur með lausn á kreppu sem Birkibeinar eru í, en hún samlíkist veðrinu í hraðri frásögn og samspili hliðstæðna jafnt sem andstæðna. Í ræðunni er mikið um hástíl og er þannig öðruvísi en aðrar ræður Sverris en hún er það einnig að efni til því hér var glímt við veðrið en ekki vopnaða fjandmenn.

Sverrir fékk góða áheyrn og handfesti konungur heitið sem hann hafði lagt til. Sögumaðurinn styður einnig ræðu Sverris og segir gjörningaveðrið hafa gengið niður þegar Sverrir lauk máli sínu og líkir honum þannig við þann sem kyrrir veður og vind.¹⁰⁵ Sögumaður heldur áfram og safnar sögum til jarteina og er sagan af Sverri þegar hann fékk eldinn og bjargaði þar með lífi sinna manna sem annars hefðu króknað úr kulda. Ræðan er gott dæmi um baráttuanda Sverris sem byggður er á Guðstrú og viljastyrk og fullvissu um svarið við spurningunni: Ef Guð er með þér hver er þá á móti þér?¹⁰⁶

Gangan yfir Vors er Jakobsglíma Birkibeina, náttúran er tákn Guðs, Birkibeinar tákn mennskunnar, baráttan er barátta mannsins við Guð, jarteinin um eldinn sýna að Sverrir er útvalinn af Guði. Sagan um Vors er sagan af ævintýradrengnum í fangbrögðum við Guð og menn. Ævintýrið heldur áfram, í þessari sögu og þessari ræðu er Guð miðjan í ræðunni, en sagan hefur miðju sína annars staðar, í því felst m.a. spenna ræðunnar, spenna á milli tákns og tákniðs sem sífellt færast til og verður hvorki skilið eða staðsett á einhlítan hátt.¹⁰⁷ Guð er táknið og Sverrir vill vera tákn hans, og táknið vill yfirtaka táknið. Sverrir vill verða konungur og taka við hlutverki Guðs, það verður skýrara með hverri ræðu sem Sverrir heldur. Hann færast sífellt nær því að vera hin þríeini Guð líkt og Jesús Kristur. Þannig verður táknið í raun ekki Guð heldur sá hluti táknsins (Sverris) sem vísar til þess.

3. Líkræða yfir Erlingi skakka K. XXXVIII

Líkræðan er fjórskipt, það er hún inniheldur alla hluta hinnar klassísku ræðu. Fyrst er örstuttur inngangur og svo hefst stöðumat, „Aldaskipti hafa orðið“ og líkur, „með slíkum atburðum.“

¹⁰⁴ Martinus saga biskups, bls. 268- 269.

¹⁰⁵ Biblían: Matt. 8.26.

¹⁰⁶ Biblían: Róm. 8.31.

¹⁰⁷ Derrida, bls. 129-152.

Rökfærsla byrjar með „Sýnisk mér sem“ og endar með „þeir er því trúðu. Niðurstaða hefst með „[o]k þat er mitt ráð“ og er nokkuð ítarleg.

Stíllinn er lágstíll þó nokkuð sé beitt af stílbrögðum til að ná fram íróníu efnis og verður stundum glaðhlakkaleg Þórðargleði. Í inngangi er beitt stuðlun í „göfugs manns greftri“ og stuðlun er líka algeng í stöðumatskafla, „Aldsskipit...orðið“ og „undarlig orðit“, hér er því til viðbótar lokaklifun (epifora). Í framhaldinu tekur við samklifun (epizeuxis) „einn maðr...einn fyrir konung“ og klifun (anafora) í framhaldi af því „einn fyrir jarl, einn fyrir erkibyskup“. Klifunin gefur textanum meiri dýpt, hann verður merkingarþrungnari. Á eftir kemur svo orðaparið „sjá ok vita“ til frekari áherslu. Framhaldið er svo með mikið af stuðluðum klifunum þar sem klifað er á orðinu ‘margir’ í ýmsum myndum og oftast stuðlað við ‘menn’ í ýmsum föllum, þegar verið er að lýsa væntanlegum heilagleika liðsmanna Magnúsar konungs samkvæmt fyrirheiti frá Eysteini biskupi. Hér styður stíllinn við írónísk efnistökin. Þegar efnið verður flóknara einfaldast hins vegar stíllinn, og þá bregður fyrir orðapari til áherslu „flutt og stutt“ eins og fyrr í stöðumatskaflanum til að jafnvægisstilla stílinn. Í lok kaflans er sterk myndhverfing sótt í Reginsmál og Fáfismál, „ægishjálms“ yfir þann sem hefur sterkari vígstöðu. Rökfærslukafla er nær stílbragðalaus. Rétt í lokin kemur orðaparið „lygi og lokleysa“ sem magna rökin fyrir niðurstöðunni sem á eftir fylgir. Niðurstaða er að biðja, á því orði er klifað fimm sinnum í lokakaflanum. Klifunin yddar mál Sverris og enn frekar írónían sem verður að ógnþrunginni hótun. Sérstaklega þegar hann fer yfir afbrot Erlings, sem voru að gera son sinn óverðugan að konungi og láta drepa Hákon herðibreið bróður Sverris og Eystein meylu sem var bræðrungr þeirra. Í kaflanum er einnig orðaparið „þjónustulausir ok skriftalausir“ sem þenur textann enn frekar. Hófstílltur stíll en mikið um einföld stílbrögð sem dýpka og skerpa efnið.

Ræðan er efnis- og merkingarhlaðin. Sverrir fer yfir breytta stöðu og hann byrjar á aðalatriðum fyrst „[a]ldaskiptin“ og þau eru „einn maðr er nú fyrir þrjá: einn fyrir konung ok ein fyrir jarl, ein fyrir erkibyskup, ok em ek sá.“ Hér líkir Sverrir sér við heilaga þrenningu og er það djarflega gert. Í draumi Gunnhildar¹⁰⁸ kemur Sverrir fram sem stór hvítur steinn sem glóir

¹⁰⁸ Sverris saga bls. 5.

af. Líkist draumurinn mjög draumi móður Alexanders mikla er hana dreymdi fyrir fæðingu sonar síns.¹⁰⁹ Fleiri mæður stórmenna sögunnar eins og móður Búdda hefur dreymt sambærilega drauma.¹¹⁰ Sjálfan dreymir Sverri að hann sé smurður af Samúel.¹¹¹ Það er skýrt talað og mikið sagt í setningu og varla hægt að taka orðin öðru vísi en þau séu sögð af fullri alvöru, orðin eru full af hita, klifunin áréttar það. Samt er stutt í íróníuna líkt og hún sé undirliggjandi í alvörunni, rétt áður en henni er gefin laus taumurinn. Síðan snýr Sverrir orðum sínum að fylgismönnum Magnúsar og örlögum þeirra og nú tekur írónían völdin. Fyrst segir hann það örlög margra fylgismanna Magnúsar að vera bornir til kirkju en talar svo til Eysteins biskups, sem hafði lýst því yfir að þeir fylgismenn Magnúsar sem féllu í bardaga við Sverri yrðu fyrir í Paradís en blóð þeirra storknaði á vellinum. Þetta voru að sjálfsgöðu orð án innihalds og engar efndir. Sverrir ræðir einnig tvíhverfa stöðuna þar sem syrgjendur í kirkjunni yrðu glaðari ef verið væri að jarða hann sjálfan, og segir svo „Sýnisk mér sem oss hvárumtveggjum mætti mikill fagnaðr á vera er svá hefir til skipt um líf manna sem sjálfr Guð vildi.“ Þannig að betri er Guðsvilji en vilji Eysteins biskups. Framhaldið af rökfærslu er stílbragðaminna og yfirvegaðra. En þegar kemur að niðurstöðu hitnar ræðumaðurinn aftur og hann bendir á að biðja þurfi fyrir Erlingi jarli og fer með ávirðingar hans í garð þjóðarinnar og sín, að hafa ranglega gert Magnús að konungi og með rangindum hafi þeir síðan farið gegn tveimur konungssonum Hákonu og Eysteini og látið drepa þá. Hann klifrar á konungsembættinu sex sinnum í niðurstöðukafla og er að semja sig að nafninu í áheyrn sinna manna. Um miðjan kafla verður hægar um meðan hann biður fyrir þeim látinu og fyrirgefur það sem misgert var. Enn kemur þensla og í framhaldinu afar írónísk lokasetning en í fullu samræmi við það sem áður var sagt. „Vil ek þat heldr ábyrgjask at yðr skal at mikilli hjálp verð ok fullkominni miskunn allt þat er þér gerið nú fyrir þeira sálum heldr en hitt, at ráðit sé at þeir þurfi eigi bæna.“ Sagan segir að þannig hafi konungur lokið máli sínu að hugljúft væri og var gerður góður rómur að máli hans. Í fertugasta kafla segir að orðstír Birkibeina hafi aukist mikið við fall Erlings jarls og eftir það hafi þeir notið virðingar og taldir hið fræknasta lið.

¹⁰⁹ Lönnroth, bls. 611.

¹¹⁰ Ármann Jakobsson, 2005, bls. 126.

¹¹¹ *Sverris saga* bls. 17.

Líkræðan hefur merkingu í öllum fjórum formgerðum sögunnar. Yfirborðsagan er hinn fyrri stóri sigur og mikla hefnd fyrir bróður sinn og bræðrungr og nú hefur Sverrir aðra hönd á konungstigninni og er kampakátur er hann flytur ræðuna og samsamar sig konungshugsun og konungs orði. Ævintýramaðurinn af útskerjum er þarna líka, hefur tekið forustuna og kemur fram í ýmsum myndum, virðulegur í inngangi og frjór í greiningu, rökfastur í útleiðslu og írónískur í niðurstöðu, alltaf vitur og margbreytilegur. Réttlættingin birtist í niðurstöðunni að hann og þjóðin áttu og eiga enn sameiginlegra harma að hefna. Guð ákvað valinn og Sverrir er Guðs útvalinn konungur Noregs sem leiða mun baráttuna gegn hinum ólögmaeta konungi.

4. *Herhvöt á Íluvöllum K. XLVII*

Ræðan er fjórskipt, inngangur er tvær málsgreinar og lýkur með „ofurefli liðs“. Stöðumat lýkur með lausavísbroti. Þá tekur rökfærsla við en hún er í formi dæmisögu. Að lokinni dæmisögunni er fleygur í ræðuna með frásögn af liðskipan Sverris. Eftir fleyginn kemur síðasta rökfærsla beint frá Sverri. Niðurstöðukafla hefst á setningunni, „Er af því einn útvegurinn til,“ og lýkur með lausavísi.

Stíll er lágstíll og í stöðumatskafla eru það orðapör og viðlíking ásamt stuðlun setninga á undan lausavísbrotinu. Orðapör eru „frítt lið [og] ofrefli liðs“ og „alla völlu með gylltum vápnum ok dýrum klæðum.“ Þá koma myndhverfingar „vel sýslat“ í merkingunni að drepa niður her og myndhverfingin „góðir hálsar“ í merkingunni góðir hermenn. Þá eru andstæðuparið að sigra eða deyja sem er klifað á í ræðunni. Þá kemur groddaleg viðlíking, „sem yður sé vísat í skóg til timbrhöggs“ um að höggva hermenn Magnúsar konungs. Í síðustu málsgrein fyrir lausavísbrotið er svo stuðlun „skammlaust...skáldit“. Lausavísbrotið er aðeins tvær hendingar, báðar eru 7 atkvæði og með stuðlum og höfuðstaf, „kolvið kljúfi/karl“. Rökfærslukaflinn er í formi dæmisögu (fabula) sem í raun eru tvær retorískar spurningar um að velja tvo kosti þegar farið er til orrustu annars vegar ef dauðinn er vís og þá eru tveir kostir. Hins vegar ef vís er fyrir að komast af og þá eru tveir kostir og er þannig leikið með andstæðurnar til að skerpa rökin. Sagan notfærir sér andstæðurnar ‘að falla eða ekki að falla’ og notar því úrdrátt um leið, hin andstæðan er „at þú munt falla eða braut komask“ en megin einkenni dæmisögunnar eru fjöldi málshátta og orðtaka þegar hámarki rökfærslunnar er náð.

Þannig sver stíllin sig í ætt við hómilíubókina og norrænar bókmenntir af veraldlegum toga.¹¹² Orðtök sem koma fyrir í þessari litlu dæmisögu eru fjölmörg: Lifa orð lengst eftir hvern; allt er áður skapað; ekki verður ófeigum í hel komið, né feigum forðað og að lokum í flóttu er fall verst. Niðurstöðukafla er hófstílltastur en þar er beitt stílbrögðum eins og nafnskiptum (metonymia). Heklungar er notað í háðungarskini yfir fylgismenn Magnúsar, sama gildir um mjaðaristrur Víkverja sem eru líkamar hermannanna úr Víkinni. Einnig andstæðurnar „brúðmanna og hirðmanna“ og „mjöðdrykkja en herskap.“ Þá er klifun „mína ok mitt“ sem stuðlar svo við Magnús. Orðmöggnun (amplificatio) er beitt í „snarprastrar orrostu ok atgöngu“. Þegar líður á niðurstöðurnar eru þær staðfestar með lausavísu sem er fjórar hendingar og atkvæðalengd er fjölbreytt, 1. lína er 8 atkvæði, 2. lína er 6 atkvæði og 3. og 4. lína eru 7 atkvæði. Stuðlar og höfuðstafir eru reglulegir „mér ina mæru / munnfagra“ og „fundr með frægjum / ferr“. Vísur eru annars fáar í *Sverris sögu* ekki nema 18 vísur og vísuþrot.

Í inngangi er áréttað að við ofurefli sé að etja og þannig klifað á Davíðs – Golíat líkingunni. Stöðumatíð einkennist af háði, þegar Sverrir segir að best sé að sínir menn haldi heim að lokinni orrustu með skrautklæði og vopn manna Magnúsar. Þeir eiga tvo kosti, andstæðurnar að sigra eða deyja og byggir ræðan á þessum tveim andstæðum. Köld viðlíking eins og „vísat í skóg til timbrhöggs“ hamrar á sömu hugsun rétt eins og lausavísu brotið sem kemur inn í ræðuna sem staðfesting á því sem áður hefur verið sagt um leið og hún myndar skil undan rökfærsluhluta sem er dæmisaga um karlsson sem fer í herinn. Rökfærsla er skýr og stíll einfaldur þegar rökvísi er á ferðinni og beitt er andstæðu aðferð. Rök eru svo studd með fjölda orðtaka, til að áréttu enn frekar hernaðarlegt viðhorf er örlagatrú notuð í rökfærslu fyrir framgangsmáta hermannanna. Seinni hluti er hvatning Sverris til sinna manna að taka fast á fjendum sínum því engra miskunnar sé að vænta frá Heklungum. Sverrir skipti um nöfn á óvinum sínum og gaf þeim óvirðulegri nöfn oft myndhverfð eins Kuflungar sem síðar áttu eftir að verða honum skeinusamir og skaufhali um Nikulás biskup. En í seinni hlutanum fer hann yfir hvernig hann vilji skipta liði sínu til bardagans og kemur þar fram mat hans á her andstæðinganna og hann metur ekki mikla hættu stafa af bændahernaði því þeir meti það

¹¹² *Íslensk stílfræði*, bls. 201.

mikilvægara að sleppa lifandi en að vinna sigur. Þessa greiningu staðfestir hann með lausavísu frá Þrændum. Máli sínu lýkur Sverrir með að segja mönnum sínum að ganga vel fram um leið og hann biður þeim Guðs blessunar. Töluverð innri spenna er í ræðunni, með viðhorfi Sverris til bænda í orrustu og því að bæði í rökfærslukafla er dæmisaga af bóndasyni og lausavísa er frá Þrændum og þá hugsanlega bóndasyni. Þetta er glaðleg ræða og opið orðalag þegar myndhverfingar og viðlíkingar eru notaðar en uppbyggingin er klassísk og áhrifarík.¹¹³ Sagan segir að ræðan hafi verið Birkibeinum mikil hvatning og aukið traust þeirra á konunginn og fyrirsjá hans í orrustum.

Í ræðunni er verið að segja þrjár sögur í hinum fjórfalda merkingarskilningi. Þegar Sverrir talar um hirð sína og sitt merki þá talar sonur konungs í baráttu fyrir konungsdæmi. Ævintýraprins táknsögunnar sér fegurð vallarins, glampanði vopn og litskrúðug klæði. Í dæmisögunni táknar bóndinn Sverri sem segir syninum sem þá táknar Birkibeina, hvernig menn hagi sér í hernum og rökin eru sannarlega áráðna herföngjans frá Færeyjum. Prinsinn og konungur eru meðvitaðir um að þeir gera ekki annað en það sem Guð vill og biðja því Guð um að vera með þeim á orrustuvellinum.

5. *Herhvöt, við Norðnes K. LII*

Ræðan er fjórskipt, inngangur örstuttur ein setning. Stöðumatið er klofið í tvo hluta af innskoti af viðbrögðum Birkibeina. Eftir innskot kemur síðasta málsgrein 2. hluta sem er viljayfirlýsing Sverris og í framhaldi af henni flytur Sverrir rökfærslu. Milli rökfærslu og niðurstöðu er fleygað með samræðum Birkibeina.

Inngangur er stílbragðalaus og einfaldur. Stöðumatskafla er á sama hátt nokkuð einfaldur með andstæðupar „berjask...eða flýja“ sem stílbragð og úrdráttur er notaður tvisvar sinnum „eigi þykkja ván vár líklig“ og „lítill ótti“. Innskotskafla sem er álit frá áheyrendum (communicatio) er hálfbein ræða sem klýfur síðustu málsgreinina frá megin kafla stöðumats. Sú málsgrein er ákall til Guðs og hins helga Ólafs konungs og er jafnframt inngangur að rökfærslukafla. Hann skiptist í tvennt, hin mannlegu rök og hin guðlegu rök. Mannlegu rökin,

¹¹³ Þorleifur Hauksson, bls. LXIX og LXX.

byrja mjög einfalt en svo færast ræðumaður í aukana með orðapörum eins og „á hæl að hopa“ og „traustari ok snarpari“. Með orðpörum eru myndhverfingar, „sniðhvassir í fyrstunni“ í merkingunni að vera herskár, „girnask at flýja“ í merkingunni að óttast og að „ganga undir vápn“ í merkingunni að særast eða drepast fyrir vopnum. Í guðlegu rökunum er beitt stigmögnun í einu ákallinu „til almáttigs guðs ok ins helga Ólafs konungs ok innar helgu Sunnefu.“ Milli rökfærslukafla og niðurstöðukafla er annað innskot eins og það fyrra nema nú er það bein ræða. Lokakafli hefur ákall til Guðs sem upphafssetningu og einu sinni er beitt úrdrætti „eigi vil ek.“

Eftir að Sverrir hafði hrakist undan her Magnúsar úr Víkinni norður til Björgvinar veitir Magnús honum eftirför og enn horfir til ófriðar. Sverrir heldur mikla herhvöt og byrjar sem áður að klifa á ofureflisminninu. Magnúsarmenn hafa 30 skip en Sverrir hefur 16 skip en að lítið dugi að flýja enda aukist ekki hróður þeirra við flóttu. Hann notar úrdrátt og talar um lítinn ótta en talar skýrt og beint. Í fyrri fleyg ræðunnar taka liðsmenn lítið undir bardaga enda við ofurefli að etja segja þeir, og eru sjálfsagt minnugir þess að hafa misst tvö skip og tvær áhafnir í síðustu viðureign. Sverrir eflist við mótlætið og byrjar aftur og talar hátt og heitir á Guð og helgan Ólaf og herðir róðurinn, og gerir lítið úr her Magnúsar og nú notar hann myndhverfingu talar um sniðhvassa baráttu en úthalds litla þegar hann lýsir óvinaliðinu. Hann minnir á að hans ráð hafi jafnan reynst vel. En loka rökin eru þau að þeir eigi allt undir Guði og hann ákallar Guð og dýrlinga Noregs. Þegar Sverrir talar um sig sem þann sem reynist vel og í beinu framhaldi um almættið og helga dýrlinga sem hans menn treysta, þá verða mörkin á milli Sverris og Guðs afar óskýr og það er einmitt tilgangurinn að hans menn geri sem minnsta mun á Sverri og Guði. En það er líka ljóst að dýrlingstaktar Sverris hafi nú mikið dvínað og konunglegir eiginleikar skýrst en hann sækir enn mikinn styrk til trúarinnar sérstaklega þegar mikið liggur við. Ekki segir sagan hver viðbrögðin voru þegar Sverrir hafði lokið máli sínu heldur aðeins að Magnús konungur nálgast og að hann mælti fyrir liði sínu.

Ævintýraprins allegoríaunnar birtist í inngangi og í stöðumatinu, hann lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenna, liðsmenn hans eru jarðbundnari og líst ekki á tillögu Sverris. En þá kemur réttlætningin í lok stöðumatskaflans og konungur kemur með rök og gerir minna úr

andstæðingum og dregur fram styrkleika Birkibeina. Þá kemur hið guðlega stig sögunnar í seinni hluta rökfærslu þegar Sverrir óbeint líkir sér við Guð og dýrtingana.

5.a. Ræða Magnúsar við Norðnes K. LIII

Fyrir bardagann við Norðnes undirbjó Magnús konungur sína menn með því að halda ræðu yfir þeim. Forvitnilegt er að skoða muninn á þessum tveimur ræðum á því hvernig menn bjuggu sig undir bardaga. Fyrst verður gerð stutt greining á ræðu Magnúsar en síðan verða ræður bornar saman.

Ræðan er þrískipt og hefst með stuttum stöðumatskafla, einni málsgrein. Því næst kemur rökfærsla, þrjár málsgreinar. Niðurstaða er svo reifuð í heldur lengri kafla. Stíll er lágstíll og minna málskrúð en í ræðum Sverris. Í rökfærslunni er myndhverfing „vænt er stefnt“ í merkingunni að vel líti út með framtíðina. Því næst koma tvö þenslumikil orðapör sem mynda andstæðu við hvort annað, en þau eru „göfugmenni ok góða drengi“ og „ekki nema þjófa ok ránsmenn ok raufara þræla ættar ok stafkarla“. Í niðurstöðukafla er eitt ákall til Guðs.

Inntakið hjá Magnúsi konungi er að nú skulu hans menn hefna frænda sinna. Í byrjun klifrar hann aðeins á nafni Birkibeina en stíllinn byggir ekki að klifuninni. Í rökfærslu notar Magnús skemmtilega andstæðu orðaklasa og er töluverð þensla í seinni klasanum. Hann talar niður til manna Sverris, þeir eru ekki mikils verðir. Guð er ákallaður en það er enginn miskunn hjá Magnúsi og bannar hann alveg að óvinum verði gefin grið, sem virðist vafasöm ákvörðun þar sem slíkt jafnfræði er með liðunum. Útlistunin á hvernig eigi að fylkja skipunum er tiltölulega ýtarleg. Þegar Magnús hefur lokið máli sínu gerir Ormr konungsbróðir athugasemdir og kemur með aðra tillögu um atlögu. Magnús svarar ekki en fer sínu fram. Þetta sýnir ósættið sem er í liði Magnúsar.

Sagan er fyrst og fremst saga Sverris. Sögumaður skyggnist bak við tjöld andstæðinga og sýnir að Magnús er að glíma við sömu verkefni og Sverrir. Söguna um konungstign, um hefnd, um réttlætingu og nálægð við Guð. Bygging á ræðum beggja er sú sama en Sverrir notfærir sér öll fjögur stig klassísku ræðunnar en Magnús þrjú stig þar sem eitt stigið er óvenjulega lítið notað. Stíllbrögð í Sverris ræðu eru fleiri og blæbrigðaríkari en hjá Magnúsi.

Áherslur er misjafnar, það eru ekki gefin grið hjá Magnúsi en Sverrir gefur grið þeim er til hans leita. Báðir eru þeir að hefna, báðir eru þeir konungar. Magnús er konungur og þess vegna telur hann sig ekki þurfa að ráðfæra sig við hermenn sína. Sverrir er konungur og þess vegna ráðfærir hann sig við sína menn. Magnús aðgætir ekki að varðveita eininguna en Sverrir tekur á sig krók til að ná samstöðu. Magnús er stór og glæsilegur og Sverrir er vitur og hófstílltur. Þessi munur er látin skýra mismunandi stríðsgæfu konunganna í sögunni.

6. *Herhvöt við Fimreiti K. LXXXVIII*

Inngangur er tiltölulega ýtarlegur, fyrsta málsgrein er fleyguð frá hinum hluta kaflans með örstuttri frásögn og lýkur á „at vitja vár.“ Stöðumati lýkur með orðunum „ganga á land.“ Rökfærsla hefst á „Þat mun ok“ og lýkur á „föng á til viðtökunnar.“ Rökfærsla og niðurstaða eru fleyguð með frásögn og hálfbeinni ræðu. Niðurstaða er hins vegar með þrjá fleyga, misstóra.

Stíll er sem fyrr lágstíll og af herhvötum Sverris sem hér er fjallað um sú hófstílltasta í stílbrögðum. Í inngangi er klifað í tvígang á orðinu að dyljast og um leið er notaður úrdráttur, „[e]kki er að dyljask“ og „ekki þurfa at dyljask“. Í stöðumati er orðaparið „veita viðtöku“ að öðru leyti er kaflinn að mestu laus við stílbrögð. Rökfærsla hefst á íronískri setningu þar sem notaður er úrdráttur til að ná fram áhrifum, „ekki vel vingast“, þarna er vísað í framkomu Birkibeina við skattheimtu á svæðinu. Prisvar til viðbótar er úrdrætti beitt í kaflanum allt í sömu málsgrein, „eigi með einræði mínu“, „og eigi mun hlýða“ og „eigi æðrask“. Þegar úrdrætti er beitt í jafn ríku mæli og í þessum ræðuhluta þá verður sem að stílbragðið sé hin rétta orðaröð. Rökfærsla er fleyguð frá niðurstöðu með frásögn og hálfbeinni ræðu „kváðusk vilja vís berjask ok leggjask aldri á flótta at óreyndu, sögðu at ekki vætta mun til saka, kváðusk jafnan haf barzk við mikinn liðsmun ok unnit þó sigr.“ Niðurstaða er svo margfleyguð, fyrsti fleygur með frásögn af hugarástandi, næsti er frásögn af hvernig nálgast eigi bardagann og þriðji og síðasti er frásögn af sýsli Birkibeina til undirbúnings orrustu. Fleygarnir eru verulega fyrirferðameiri en niðurstöðukaflinn sjálfur sem endar á mælskubrögðum eins og þöndu orðpari „snarpt lið ok kænt“ myndhverfingu „at stíga yfir höfuð várum óvinum“ í merkingunni

að drepa andstæðing því næst kemur úrdráttur „hvártki dugir“ og það sem ekki dugir er svo stuðlað „flýja eða friðar at biða.“ Í lokin er ákall til Guðs.

Sýnin út á fjörðinn, seglin, boða klemmu sem Birkibeinar eru að lenda í. Magnús konungur ætlar að taka þá í bólinu, koma þeim að óvörum rétt eins og Birkibeinar voru svo vanir að gera mönnum Magnúsar konungs. Það eru hlutverkaskipti. Ræðan lýsir því hvernig Sverrir sér hættuna, hvernig hann greinir hana, hvernig hann vill bregðast við og hvernig hann útfærir hugmyndir sínar. Viðbrögðin eru sem fyrr hófstilling og áhersla á einfaldleika. Ræðan er á einföldu máli þegar það á við til að auðvelda liðsmönnum að skilja boðskapinn og fyrirmælin og mikilvægt að skilningurinn verði einsleitur. Hann notar gamla brellu, líkir þeim við Davíð og Golíat, óbeint að vísu en klifunin á hin mikla liðsmun kemur glöggt fram. Aldrei hefur verið eins mikil þörf á samstöðu, það verður að eyða öllum efasemdarröddum og það gerir Sverrir í ræðu. Hann gerir ræðuhlé og hans menn segja sitt álit. Þeim lýst ekki á blikuna en þeir vilja og ákveða að fylgja sínum foringja. Hann heldur áfram og skýtur þeim skelk í bringu er hann segir að í dag muni konungur verða sendur til Heljar og hann gerir aftur hlé til að allir geti hugsað stöðuna fyrir sig. Hann talar enn og er svo þotinn í annað, Sverrir er á ferðinni það er líkt og frásögnin verði að myndefni sem vinnst áfram undir ræðunni, nú er allt klárt og andagift komin í stað andkafa í morgunsólinni og það er Sverrir ævintýraprins sem blæs sínum mönnum móð í brjóst þegar hann lýkur ræðunni. Væntanlegur konungur alls Noregs ákallar Guð og biður hann að gæta allra í orrustunni, þeir sem lifa af orrustuna verða hans menn og á það við um bæði liðin.

Ekkert segir af mönnum Sverris eftir ræðuna annað en þeir héldu til orrustu og æptu heróp, en hitt segir sagan að Birkibeinar höfðu frækinn sigur, þeir höfðu 12 skip en Magnús konungur 26.

Í ræðunni er það hinn hófstillti konungur sem talar nánast alla ræðuna, sá sem lætur engan ugg á sér sjá og er staðfastur og ráðagóður. Nú eru engar heitingar, enginn heift, engin heit um ávinning, það er aðeins einn ávinningur, sigurinn lífið sjálf er réttlætning orrustunnar. Ævintýraprinsinn er á ferðinni, taktíski leiðtogi er mættur í lokaundirbúning og hefur síðasta orðið. Í byrjun er Davíðsminnið og í lokin er val Guðs á Sverri konungi vor allra.

6.a. Ræða Magnúsar við Fimreiti K. LXXXIX

Magnús konungur heldur einnig sína herhvöt. Bygging ræðu hans er óskipuleg. Hann byrjar á öfugum enda ræðunnar þ.e. niðurstöðunni, hvernig eigi að fylkja að Sverri. Síðan kemur rökfærsla og réttlætning sem er veikburða. Hann segist hafa verið kallaður í starfið sem vissulega var rétt en að hann hafi haft lítið gaman af því að gegna embættinu. Þá þakkar hann hermönnum fylgispekt og biður Guð að launa þeim, sem er ekki í takt við þær aðstæður sem þeir eru í. Rétt taktík er að lofa lið að loknu verki. Lokaorð eru líka einkennileg, „hvárt er vér erum þá með lífi eða andaðir.“ Ræðan er ruglingsleg og veikburða, ólík ræðunni sem hann hélt við Norðnes. Er verið að gefa eitthvað í skin? Nú segir í kafla 98 í *Sverris sögu* um Magnús konung, „Hann var mjök í sið ungra manna, drykkjumaðr mikill“. Er það hugsanlegt að Magnús hafi verið drukinn og þá liðsmenn hans líka? Ormur bróðir hans sér ástæðu til að leiðrétta hann rétt eins og við Norðnes, það sýnir að konungurinn hafi á einhvern hátt gefið færi á sér. Önnur skýring er í formála að Magnús hafi fundið feigðina sækja að sér.¹¹⁴

Samanburður á ræðunum sýnir Sverri konung sem skipulagðan og yfirvegaðan ræðumann, hann greinir vettvang og verkefni, blandar ekki öðru við í útlitun en því sem máli skiptir fyrir niðurstöðu sem er sigur. Hann leggur mikið upp úr að hópurinn sé einhuga um aðferð og árangur og hann hungur í sigurlaun. Ræða Magnúsar konungs er sundurlaus og speglar vonlausan frekar en vonglaðan bardagaforingja. Hann skapar ekki einhug og góðan liðsanda og virðist af ræðunni að dæma ekki hafa mikla útgeislun sem er andstætt því sem honum er líst í 98. kafla þar sem hann er sagður „vinsæll ok ástsæll“ og einnig, „örr ok stjórnsamur, snjallr í máli.“ Hamingja hans er á enda.

7. Þingræðan í Björgvin, boðar hvörf í sögunni K. XCIX

Ræðan er fjórskipt, inngangur er tilvitnun í 56. Davíðssálm, stöðumat er einnig mjög bundið við biblíulegar tilvísanir. Því lýkur með, „fáheyrðan fjandskap“. Þá tekur rökfærsla við og lýkur þar sem spásögn byrjar. Niðurstöðukafla inniheldur spásögn og íróníska Guðs blessun.

¹¹⁴ Þorleifur Hauksson, bls. LXIII.

Áhugavert er hvernig höfundur kemur á framfæri látbragði Sverris er hann flytur ræðuna og flutningur og látbragð er mikilvægur hluti ræðu. Demosþenes sagði þrjú atriði ræðu skipta máli: „Flutningur, flutningur og flutningur.“¹¹⁵ Með flutningi er átt við málbeitingu, þagnir og allt látbragð. Ræðan sker sig úr frá þeim sem á undan eru komnar fyrir að vera vitsmunalegri. Málsgreinar sem yfirleitt eru stuttar, verða lengri og eru nokkrar málsgreinar með 6 til 9 setningum. Í stöðumatskafla eru: „Þessi spásaga er...skipti mér ríki hans“; „Höfðu þeir með sér...sá maðr ek“ og „Ok þetta sama,... fáheyrðan fjandskap“. Í rökfærslukafla „Ef þér segið...annars heims með honum.“ Inngangur byrjar á latínu tilvitnun. Er þetta eina ræðan hjá Sverri sem svo byrjar og verður þannig strax merkt að öðruvísi verður talað. Stíleinkenni fyrrihluta stöðumatskafla eru Biblíutilvísanir, í seinni hluta verða stílbrigði kunnuglegri og byrja með orðtaki „sárt bítur soltin lús.“ og síðan úrdráttur „eigi erum vér svá skamminnigir“. Þá kemur myndhverfing „festi annan upp“ í merkingunni, aftaka með hengingu. Myndgervingunni fylgir viðlíking „sem krákuunga“ og síðan er hinni aftökunni lýst með stýfingu. Hálshöggvinn, verður höggvinn um aftökuna, orðið valið af smekkvísi við aðgerðina. Þá er klifað á réttlætningunni, það er að Magnús var ekki réttborinn til embættis, „ekki váru konungaættar“ og undir lok kaflans „þeir dróttnaði er eigi váru til bornir.“ Kaflanum lýkur með stuðluðu orðapari eins og fram kemur í byggingarkafla. Rökfærsla hefst á að Sverrir klifar á nafninu sínu, „Sigursæll er Sverrir. Vittr er Sverrir.“ Því næst kemur retórísk spurning „Hvat er þat kynligt?“ Er líður á rökfærslukafla aukast mælskuþróð, myndræn viðlíking er sótt í Biblíuna „sem hér vaði allt saman, kálfar ok úlfar“, myndgerving fylgir á eftir „rúmborat sáld mit“, í merkingunni umburðarlyndi mitt. Þá kemur orðtak sem áður hefur verið notað, „margur lýtr sá nú hendinni er gjarna vildi at af væri.“ Og annað fylgir með sama inntak og þenur þannig merkingu orðtaka „Sá kallar nú frændann er fyrir skömmu kallaði fjándann.“ Þá kemur myndgerving með hug og horn og einnig er stuðluð setning „hygg ek ef hér mætti nú sjá hver manns hug þess er hér er kominn ok stæði hverjum horn ór enni er mér hyggr illa, at margr skyldi þá hér nú knýflótr fram ganga.“ Í lokin eru notaðar líkingar um að klappa stein og klappa höfuð Sverris. Niðurstaða er spádómur og írónísk blessun.

¹¹⁵ Árni Sigurjónsson, bls. 72.

Tilefni ræðunnar svipar til líkræðu yfir Erlingi jarli, það eru skil í sögunni, aldaskil sagði Sverrir þá og á það ekki síður við í Björgvinjarræðu. Nú eru þeir feðgar fallnir frá og Sverrir er einn konungur yfir Noregi. Í þessari tölu birtir Sverrir allt það helsta sem hann þarf að koma á framfæri við þingheim og fólkid í landinu. Hann boðar hugmyndir sínar um sig og konungsríkið þegar hann leggur út frá Biblíutexta í byrjun og talar áfram út frá líkingum úr Biblíunni. Nú er hann þekktur og orð hans hafa áhrif ólíkt því sem var áður en Birkibeinar gerðu hann að foringja sínum og konungi. Hann getur sagt hug sinn allan og á verður hlustað. Talar um útvalningu, réttlætningu og hefnd, um þá sem landid erfa, um fólkid í landinu og um fjandskap í sinn garð. Sverrir notar mælskulistina til að koma efninu til skila, notar guðfræði, lögfræði og treystir hann meira á rökfræði en hann hefur áður gert en næmni hans á það skynræna umvefur ræðuna engu að síður. Ræðan byrjar á latínu tilvitnun, máli Guðs, máli sem ritningin er skrifuð á, en á þessum tíma var Vulgata lesin í kirkjum Noregs líkt og héraendis. Með því gerir hann sig Guði líkan, því þeir tala sama mál. Því næst minnir hann á hvernig tímenn fer í hringi, Magnús hafi fyllst drambi og fyrir það hafi honum hefnt. Það sem gerist, gerist aftur, Satan ofmetnaðist og breyttist í djöful, Adam syndgaði og var rekinn úr Paradís, Faraó gekk gegn vilja Guðs og þá komu tólf plágur yfir landid. Sál syndgaði einnig gegn Guði og gekk síðan með óhreinan anda. Þetta eru allt þekktar og viðurkenndar sögur úr Biblíunni sem var treyst. Sverrir líkir Magnúsi við Sál, um leið og Magnús er Sál verður Sverrir Davíð, þannig gefur Sverrir í skyn og hjálpar hlustendum að draga ályktun. Þá fer Sverrir yfir hvernig þeir feðgar hafi ranglega komist til valda og drepið alla réttborna til krúnunnar og hirt af þeim öll lönd. Guð hafi sent Sverri til að steypa þessum hæfislause konungi. Hann segir sig hafa haft harma að hefna og rifjar upp hvernig Björgvinjarmenn drápu föður hans og hvernig þeir feðgar drápu bróður hans og bræðrungr. Sverrir segir að nú séu landsmenn lausir undan þeim sem ranglega hafi drottnað en samt haldi landsmenn áfram að sýna sér fjandskap.

Þegar stöðumatskafla er lokið hefst rökfærsla fyrir því að leggja af þann fjandskap sem honum er sýndur. Sumir landsmenn segi að Sverrir sé vitur og sigursæll og þá svari aðrir því að það stafi af „at ek sjá djöfullinn sjálf ok kominn af helvíti“.¹¹⁶ En hér þarf hver að hyggja að sér

¹¹⁶ *Sverris saga*, bls. 153.

og rök hans eru þau að þeir sem segi að hann sé djöfull séu þá þrælar djöfulsins og munu brenna með honum handan jarðvistarinnar. Hann leggur svo áherslu á að hvorki sé þessi málatilbúnaður réttur né maklegur og til þess eins gerður að menn þeir sem ástundi hann týni sálu sinni. Sverrir segir að öllu ægi saman, þeim sem séu viðsjárverðir og þeim sem séu saklausir. Nú verði að horfa til þess sem orðið er og lítið tjóti að hafa horn í hans síðu. Hann ávítar þá sem kenni börnunum að slá stein á stein ofan og segja um leið „Hér skyldi höfuð Sverris undir vera“, og sama segir vesöl vinnukona þegar hún slær steinhelluna með þvottaspaðanum. Niðurstaða og gagnrök eru að Sverrir óttast ekki, en spáir „vera má að Sverrir verði sótt dauðr eigi að síðr“, nokkuð viss í sinni sök. Í niðurstöðukafla afmarkar Sverrir fyrir hverjum hann biður og verður bænin þannig lokaðri en í ræðunni fyrir bardagann við Fimreiti, nú takmarkar hann sig við vini sína „allir várir vinir Guðs laun.“ Og þannig verður bæn um blessun Guðs írónísk og í samræmi við seinni hluta ræðunnar. Björgvinjarræða markar skil í *Sverris sögu*, hún er uppgjör við það sem á undan er gengið og opnar umræðu fyrir framhald sögu sem er fjandskapur við konung og stjórnað var af kirkjufirvöldum innlendum og erlendum.

Ekkert segir af hverjar móttökur ræðan fékk hjá þingheimi en seinni hluti ræðunnar fjallar einmitt um fjandskap við Sverri konung, rétt eins og seinni hluti sögunnar, þannig staðfestir ræðan bæði þá frásögn sem komin er og segir fyrir um það sem koma mun. Ræðan er ris sögunnar og markar skil í henni aðalmarkmiði er náð. Við tekur sagan af Sverri á valdastóli.

Þessi aðalræða sögunnar fjallar fyrst um réttlætingu þess að Sverrir er konungur og hann sé útvalinn af Guði sem eftir hinum fjórfalda merkingarskilningi sendi ævintýraprins, „lítinn mann og lágan“ til að steypa hinum ólögmeta konungi. Sverrir er varðveittur af Guði þegar hann refsar Erlingi og Magnúsi fyrir ofdramb þeirra, að hafa Magnús konung yfir Noregi sem hann á ekki tilkall til samkvæmt lögum Ólafs helga. Magnús er dóttursonur Sigurðar Jórsalafara, konungur á að vera sonur konungs. Líkt og Sverrir líkir sér við Davíð þá líkir hann Magnúsi við Sál, sem fyllst hafði ofdrambi og Guð því refsað honum, þannig heldur Sverrir sig við sinn typologíska söguskilning. Sverrir áréttar að hann sé sonur Sigurðar munns og sé því

réttborinn til konungs og hefnda, um það fjallar yfirborðssagan. Þannig tekur ræðan á öllum fjórum formum hugsunar hins fjórfalda merkingarskilnings sögunnar.

8. *Bindindisræðan K. CIV*

Bindindisræðan í Björgvin er ein af klassísku stóru ræðunum í sögunni, fjórskipt. Inngangur er þakkarorð til kaupmanna sem stunda æruverðuga verslun. Stöðumat hefst svo er Sverrir ávarpar þýska kaupmenn og rökfærsla sem er megin kafli ræðunnar, er þegar Sverrir biður menn að minnast þess hvers eðlis ofdrykkjan er og kaflanum lýkur með áskorun um að hugleiða hvað líf ofdrykkjumanns er öðruvísi en það skyldi vera. Niðurstaða ræðunnar hefst svo á að gæta hófsemi í öllum hlutum. Þessi greining er frábrugðin greiningu Knirk í því að niðurstöðukaflinn er hér látinn byrja fyrir í ræðunni. Niðurstöðukaflinn hjá Knirk byrjar „Kaupmenn eða bændur“. En á undan því byrjar hin almenna niðurstaða sem er að gæta hófsemi og það er ekki stéttbundið.¹¹⁷

Stíll er jarðbundinn og fullkomin andstæða við áfengið sem deilt er á. Í inngangi er upptalning nýtt til að sýna fjölbreytni vara sem eru vel séðar. Í stöðumatinu eru „mínir menn“ sem par á móti „bæjarmenn eða kaupmenn.“ Einnig eru andstæðurnar illt og gott gerðar að hliðstæðum með notkun á úrdrætti „mart illt staðit en ekki gott“. Þessu fylgir þenslu orðapar „særðir og barðir“. Rökfærsla byrjar á andstæðum „hon aflar“ eða „hon týnir“. Upptalning er í rökfærslu til að aðgreina drykkjuvandræði áður en þau eru greind frekar. Þenslu orðapör eru „vesall ok válaðr“, „ orð og verk“ og „drykkjunni ok lífinu“.

Í inngangi ræðu er listi yfir þær vörur sem eru Sverri velþóknanlegar, þær vörur sem vantar til Noregs. Í stöðumati eru vandræðin skilgreind og ljóst að það er innflutningur á víni sem leiðir til ofdrykkju sem aftur leiðir til illdeilna og áfloga sem leiða af sér örkuml og manndráp. Sverrir setur á innflutningsbann á vín og rekur þýsku kaupmennina, sem sáu um innflutning, úr landi. Fyrir utan að skipta stríðsgóssi þá er þetta eina stjórnvaldsaðgerðin sem um getur í *Sverris sögu*. Í rökfærslunni skoðar Sverrir drykkju út frá hagfræðilegu sjónarmiði, hverju drykkja aflar og hvað hún kostar. Hann segir að í fyrsta lagi þá eyðist upp fé

¹¹⁷ Knirk, bls. 52- 53.

ofdrykkjumannsins og glatist. Sá sem áður var fésæll verður fátækur ef hann yfirgefur ekki ofdrykkjuna. Í öðru lagi týnir ofdrykkjumaðurinn minninu við drykkju og gleymir öllu því sem hann skyldi muna. Í þriðja lagi þá sækist hann eftir hégóma, og hikar ekki við að taka ranglega fé og konur. Í fjórða lagi gerir drykkja menn hvatvísa og ofbeldisfulla og hvetur til að bregðast við af meiri hörku en tilefni er til og drykkja gerir menn illmáluga. En Sverrir lætur ekki duga þessi fjögur atriði og heldur áfram að vara við: Með ofdrykkju þreytir maður líkama sinn með vökum og vandræðum, blóð tæmist úr liðum og leiðir af sér heilsubrest og óheilbrigði. Þegar þannig er fyrirkomið að fé, heilsa og vit eru glötuð vegna ofdrykkju þá glatast einnig sálir manna vegna ofdrykkju. Þá afvegaleiðir ofdrykkja frá siðsemd boðorðanna, drykkjumaður gengur á vald synda, hann verður afhuga Guði og öllu því sem rétt er, og gleymir þakkargjörðinni. Og hann biður ofdrykkjumenn að hugsa til þess hvert sál þeirra fari þegar þeir skilja við og þeir skulu minnast þess hversu líf þeirra er öðru vísi en vera ætti. Rökin eiga vel við nú sem þá, merkilegt að Sverrir talar um sálina og það gerir hann víðar. Sverrir færir rök fyrir því að það sem ofdrykkjan kostar, það sem maðurinn týnir, eru eigur og vit og í staðinn kemur ofbeldishneigð og hömluleysi. Niðurstaða hans er „öllum hlutum skyldi stilling fylgja“ og því fylgja nánari fyrirmæli til hermanna, kaupmanna og bænda. Sagan segir að ræðan hafi verið „vel rómat af öllum vitrum mönnum.“ Sem þýðir að einhverjir haf verið ósáttir því varla töldust allir vitrir.

Í bindindisræðunni er það konungur sem talar, sá sem hefur víðsýni og vald. Hinn vitri konungur er að koma skikk á frjálsa verslun í Noregi og efla heilbrigðisvitund. Ræðan lýsir vel verðmætamati sem gildir, hvaða vara er æskileg og hver er óæskileg. Hún setur fram sem andstæðu menningu og ómenningu. Það kemur fram vel þekkt stef úr Hávamálum um gildi hófsemi, auðsöfnunar, stillingar og að varðveita vit sitt og siðsemd. Mjög lítið er um stílbrögð, en stöðumat er jarðbundið og rökfærsla er sannfærandi. Hinn táknögulegi ævintýraprins sést ekki í þessari ræðu sem ber þess merki, fyrir sparsama notkun á stílbrögðum og mælskulist. Sagan af réttlætningunni er ekki heldur í ræðunni. Guð kemur hins vegar við sögu í baráttunni við ofdrykkju, ofdrykkjumaður gleymir Guði sínum, sálin glatast, dýpra verður ekki sokkið.

9. Græningjasundsraeðan K. CXXXIII

Ræða á bændaþingi við Græningjasund er fjórskipt ræða. En í stað inngangs kemur stutt frásögn. "Konungur átti þing við bændr ok talaði mart fyrir liði sínu, svá at hváirtveggju heyrðu, bændr ok liðsmenn. Hann hafði mikinn fjölða leiðangrsmanna, ok var þat lið at mörrgu óspakt ok stillt lítt." Stöðumatskaflir er ýtarlegastur og er fleygaður frá rökfærslu með óbeinni ræðu og frásögn af Sverri þar sem hann útlistar réttlætingu sína á því að hann skuli vera konungur Noregs, því enginn sé til þess betur bær bæði fyrir Guði og mönnum. Fleygurinn er í raun fyrri hluti rökfærslu. Rökfærslu lýkur á orðunum „hafa merki á borit.“

Stíll er jarðbundinn og í stöðumati er lítið um mælskuþróun. Upptalning í upphafi til að draga fram fjölbreytileika og þanið orðapar „högga þat eða meiða“. Í rökfærslu eru orðaparíð „harður og ráðvandur“ og myndhverfingin í viðlíkingunum „hafi héra hjarta en ótryggð sem refirinn.“ Í niðurstöðu er búið að vinna enn frekar úr seinni viðlíkingunni er myndhverfð nafnskipti verða til. „Skaufhalinn“ verður nú nafn Nikulásar biskups. Nafngift vísar til þeirra eiginleika refsins sem Sverrir segir einnig prýða biskup en það er ótryggð og undirferli. Einnig er gefið í skyn að biskup taki hamskiptum, og hérinn vísar í hugleysið sem Sverrir sakar biskup um. Í lokakaflanum er einnig orðparíð „dyggur og traustur“ með ofurlitla þenslu og einnig stuðlað fornafnapar „hverr hverrgi er“ með mikilli þenslu sem kemur frá hljóðgervingunni af öllum r-hljóðunum.

Eins og Björgvinjarræða og bindindisræða er Græningjasundsraeða pólitísk ræða, Sverrir er að tala til sinna manna og bænda. Hann þarf nauðsynlega að minnka eða eyða fjandskap bænda við sig. Til þess þarf hann að fá sína hermenn til að láta af skæruhernaði og yfirgangi við bændur, þarna er komin ástæðan fyrir því að Sverrir talar við báða hópana í einu. En hann þarf líka að vinna traust bænda, þeir verða að læra að líta á hann sem sinn réttmæta konung. Sverrir hefur fengið nóg af skærum við bændur og búalið og finnur að nú þurfi að takast á við Bagla með öllu afli. Þegar hann fer yfir stöðuna þá er hann skýr í máli og talar án málalenginga. Hann segir bændum ekki sæmandi að vera að berjast með búgögnum og trogum í búum sínum gegn konungi. Konungur eigi ekki að þurfa að tala tvisvar og þrisvar sinnum fyrir sama máli þegar ekki liggja meira við. Hann skilji ekki hvers vegna biskup telji hann ekki réttan konung yfir

Noregi. Það hafi ekki skipt máli hver móðirin er heldur skipti það máli hver faðirinn er til að vera réttborinn til konungs. Alltaf hafi verið vitað hver væri móðir hans og síðan rekur hann ættir hennar þannig að margir þekktu þá hvernig þeir tengdust Sverri og hann þeirra sögu. Hann segir, ég er frá ykkur kominn og er ykkar maður sem á að leiða hópinn. Þá færir hann rök sín fyrir því hvers vegna hann er konungur, hann segist vera harður og ráðvandur. Hér er Sverrir að réttlæta sig sem handhafa krúnunnar.

Þó að Nikulás biskup hafi aðra skoðun þá munu Birkibeinar halda sig við sinn konung. Sverrir lýsir eiginleikum biskups og þá breytist stíll mikið og ekki síður höfðað til skynjunar en rökhugsunar. Nú kemur myndhverfingin um hugleysi og slægð og biskupi líkt við refinn, „Nikulás sé tungusnjallr maðr, sem hann hafi héra hjarta en ótryggð sem refrinn,“¹¹⁸. Því næst koma dylgjur um lítinn stöðugleika með umræðum um móður Nikulásar sem átti börn með óhóflega mörgum feðrum og að synir hennar hafi heldur ekki reynst trúir. Í lok ræðunnar eru svo skemmtileg orðskipti er hann nefnir Nikulás „skaufhala“ en Sverrir og menn hans beittu gjarnan þeirri tækni að uppnefna andstæðinga sína rétt eins og þeir sjálfir voru uppnefndir Birkibeinar, sem þótt ekki fínt í árdaga þess flokks. Heldur draga seinni tveir kaflarnir í ræðunni úr því að Sverrir sýnist hófstílltur með þeirri notkun á uppnefnum og ögrunum við biskup í lokin. Af ræðunni er ljóst að Sverrir vill gjarnan vera samþykktur af fólkinu sem enn er að sýna honum meгна andstöðu. Ekki segir af hverjar móttökur ræðan hlaut en Sverrir sigldi suður til að taka á Böggjum.

Ræðan fjallar um alla fjórar hluta merkingarskilnings sögunnar: Um yfirborðssöguna, söguna af konungi sem vill halda saman ríkinu sem enn logar af ófriði sem erfitt er að ráða við. Ræðan er líka sagan af réttlætningunni enn er klifað á því hvers vegna Sverrir á að vera Noregskonungur. Ævintýraprinsinn skýtur upp kollinum með mælskubrögðum og íróniú þegar farið er að lýsa biskupnum. Að Sverrir sé hinn eini rétti konungur Noregs kjörin af þjóðinni og útvalinn af Guði kemur líka fram í lok fleygsins milli stöðumats og rökfærslu.

¹¹⁸ *Sverris saga*, bls. 200.

10. Túnsbergsræðan K. CLXXIX

Ræðan er fjórskipt í byggingu með inngangi sem er fyrsta málsgreinin og síðan tekur við stöðumat. Það er hins vegar fleygað frá rökfærslu ræðunnar með svári Birkibeina, þannig að rökfærsla verður þá andsvar Sverris við rökfærslu sinna manna. Niðurstaða hefst á „Nú vil ek þat fyrirgefa“

Ræðan er í jarðbundnum lágstíl og aðeins eitt orðapar með þenslu „kallat bikkju eðr meri.“ Einu mælskubragði er beitt og aðeins einu sinni, samræðustíl (communicatio) þegar Sverrir ráðfærir sig við Birkibeina.

Þegar uppgjöf Bagla er í sjónmáli kallar Sverrir á húsþing og heldur ræðu um hvort gefa eigi bjargbúum grið. Sverrir snýr sér beint að efninu og spyr hvað þeir telji til ráða, þegar umsátrinu ljúki sem þeir allir hafi beðið eftir. Vilja þeir gefa grið? Og þá öllum eða engum? Þetta er líkt Sverri að ráðfæra sig við sína menn. Þessu getur fylgt því óhagræði að menn verði á móti og vilji fara gegn ræðumanni eins og gerðist við Þrándheim í upphafi sögunnar.¹¹⁹ Hermennirnir eru ekki tilbúnir að gefa grið föður og bróðurbönnum sínum. Hér er Sverrir orðinn reynslunni ríkari frá því í Þrándheimi í upphafi sögunnar. Hann lætur sér ekki lynda að ráðin séu tekin af honum. Sverrir svarar sínum mönnum og minnir á að Baglar hafi drepið bróður hans við Túnsberg og frænda sinn í Osló og marga fleiri og þar að auki kallað hann sjálfan öllum illum nöfnum (en áður voru menn verulega hörundssárari fyrir orðalagi en síðar hefur orðið). Sverrir fer síðan í kaupskap við Guð og býður sínum mönnum að gera slíkt hið sama, þeir gefi nú grið og þá muni þeim vera fyrirgefið er þeir gangi í Guðsríki, þeir eigi að hugsa um sálur sínar og þeir verði ekki kallaðir huglausir þó þeir gefi grið. Þessi aðferð er tækni Sverris við að taka sigri og Birkibeinar þekkingu handbragðið. Hann verður líkari þeim Sverri sem lesandinn kynntist í upphafi sögu hófstílltur, vitur, góðlyndur sem varð að ráðhollum foringja. Liðsmenn hans samþykktu tillögu konungs og varð umsátrið við Túnsberg hans síðasta hildur og ræðan hans síðasta til Birkibeina.

¹¹⁹ *Sverris saga*, bls. 44 og 45.

Ræðan sýnir hinn hófstillaða konung sem kunnir að taka sigri og ævintýraprins sem gekk í kaupskap við sjálfan Guð. Hann var valinn af Guði til konungs yfir allri þjóðinni, líka þeim sem börðust gegn honum. Þeir sem sýndu iðrun og báðu um grið fengu þau ef þeir náðu til hans. Hann var ekki óumdeildur, réttara væri að segja að hann hafi verið alræmdur konungur sem sat í banni Páfa en blessaður af Samúel spámanni og kallaður af Guði líkt og Abraham og Davíð konungur og sjálfur Jesús Kristur. Konungur sem vann að því að sanna rétt sinn til krúnunnar allt fram í andlátíð. Sat uppréttur með bert andlit þannig að allir mættu sjá að bannið frá páfa væri hreinn misskilningur. Hann bað fyrir óvinum sínum á andlátsstundu líkt og frelsarinn krossinum, konungur af Guðsnáð.

Niðurstaða

Sverris saga er áhugaverð vegna efnis sem hún fjallar um og vegna stíls og allegórískrar frásagnar, hún er í senn sagnfræðirit og ævintýri. Það var óvenjulegt á þeim tíma að skrifa sjálfsævisögu, sem er bæði þroskasaga manns og konungs. Jafnframt er sagan heimild um þróun konungsríkis í Noregi. Samvinna konungs og höfundar hefur verið mikil, sérstaklega í Grýlu og fyrstu 100 köflunum. Þessi hluti er baráttusaga konungs og mannjafnaðarsaga Sverris og Magnúsar.¹²⁰ Seinni hluti sögunnar fjallar um baráttu Sverris að halda völdum í baráttu við hin ýmsu konungsefni.

Höfundur notar fjölþættan frásagnarmáta, því frásögnin er fléttuð með vísum eftir ýmsa höfunda ásamt draumum Sverris og ræðum sem flestar eru frá Sverri eða gegn honum. Með þessu fær sagan marga sögumenn og mörg sjónhorn og verður ekki alltaf ljóst hvað gerðist en þar sem sagan er margradða þá verða möguleikarnir fleiri og þá á valdi lesanda að ráða nákvæmri niðurstöðu. Einkum er þetta ljóst í umfjölluninni um faðerni Sverris og rétt til konungdóms og helst sú spenna út söguna. Með því að nota heimildarmenn beggja vegna víglínunnar verður sagan flóknari en um leið trúverðugri. Karl ábóti sýnir mikið sjálfstæði við

¹²⁰ Ármann Jakobsson, 2005, bls. 268.

skrif sögunnar, hún verður aldrei að áróðursriti Sverris, þó vissulega gæti mikillar nálægðar hans sem aðal heimildarmanns.

Kvæðin í sögunni eru þar vegna hefðarinnar, í konungasögum eru vísur. Vísurnar koma inn í söguna seint á sköpunarferlinum en eru þó ýmist til sanna það sem gerst hefur eða að bæta við frásögnina eins og vísa Nefara sem er herhvöt Kuflunga og Blakkur svarar með annarri vísu fyrir Birkibeina hvor tveggja prýðis góðar vísur. Þannig bæta vísurnar frásögnina og gera hana trúverðugri.

Draumar Sverris og ræðurnar eru aflstöðvar sögunnar en um leið áróðurhorn Sverris. Með draumunum skapar Sverrir þann konung sem hann vill verða, í draumunum verður hans eigið sjálf til, þar sér hann sig sem hinn norræna arftaka hinnar gyðinglegu erkítýpu, Abraham, Davíð og Jesú, Samúel spáamaður verður hans draumamaður, sá sem blessar Sverri líkt og hann blessaði Davíð forðum. Samúel kemur til Sverris nóttina eftir að Birkibeinar gerðu hann að foringja sínum og hann vitjaði Sverris tveim nóttum fyrir andlátíð. Í draumunum hefst ævintýrið með hliðstæðum og viðlíkingum í Biblíuhefð kirkjunnar og það er Guð sem ákveður andlátíð.

Ræður Sverris eru hreyfiafl sögunnar, miðja hverrar ræðu er miðja sögunnar hverju sinni, en hver ræða fær nýja miðju og þannig færist miðja sögunar sífellt undan viðbótinni. Á Vors glímur Sverrir við Guð, og hefur sigur því Guð miskunnar sig yfir Sverri. Í byrjun sögunnar er Guð miðjan en miðjan hreyfist og í líkræðunni yfir Erlingi er þríeinn Sverrir miðjan og hefnd hans fyrir Sigurð munn, Hákon herðibreið og Eysteinn meylu. Á Íluvöllum er baráttan orðin allsráðandi og baráttan er miðja ræðunnar og þannig færir hver ræða miðju sögunnar til. Í lokin er miðja ræðunnar miskunn Sverris við Baglana á Túnsbergi sem er miðjan og kallast þannig á við miðju ræðunnar á Vors.

Með ræðunum skýrir Sverrir stöðuna og færir rök fyrir þeirri niðurstöðu sem hann fær og með þeim fær hann Birkibeina til að hlusta. Sverrir hlustar á móti, en það er hann sem ræður en alltaf í samráði við sína menn. Hann er sem einn af þeim, fremstur meðal jafningja, leiðtogi og hershöfðingi. Það er með ræðunum sem hann fær Birkibeina með sér. Þeir fara eftir því sem

Sverrir leggur til, samstaða er lykilorð. Með mælskusnilld og með því að höfða til veraldlegs ávinnings ásamt heiðrinum fær Sverrir sína menn til að sýna baráttu og þrautseigju og sér hollustu.

Fjórskipt túlkunaraðferðin reyndist vel við að greina efni ræðnanna, þar sem fyrsta stigið, yfirborðssagan, er faðerni Sverris og Magnúsar, en þar hefur Sverrir þá yfirburði að vera konungssonur og að hann hefnir föður síns. Annað stigið er ævintýrið um þann sem verður upphafinn úr mikill lægð til hæstu stiga samfélagsins, þar verða ekki aðeins efnisleg rök sem gilda heldur samanburður á hliðstæðum og viðlíkingum úr draumum Sverris og sagna úr Biblíunni. Á þessu stigi eru aðrar áherslur en á því fyrra en ekki er hægt að segja að seinni skilgreiningin sé réttari þeirri fyrri heldur eru hér tvær hliðstæðar sögur. Frásagnirnar vísa hvor í aðra, ævintýrasagan í yfirborðssöguna og öfugt. Þriðja stigið, réttindastigið, er mannfafnaðarsaga og þar lýsa ræðurnar visku, ráðkænsku og málsnilld Sverris sem að lokum leiða hann á toppinn.¹²¹ Efsta stigið er svo köllun Sverris, þegar Samúel spámaður kallar hann til verka. Efsta stigið er hinum æðra en öll leiða þau að sama marki, Sverrir er konungur, af því að hann er konungssonur. Volk hans og vandkvæði eru hans jarteinir. Fyrir hæfileika sína og vegna þess að Ólafur helgi og Guð kölluðu Sverri til verka af hinum færeysku útskerjum verður hann rex iustus, fyrir Guðsnáð konungur Noregs.

¹²¹ Ármann Jakobsson, 1997, bls. 123.

Heimildir

- Ármann Jakobsson. 1997. *Í leit að konungi, konungsmynd íslenskra konungasagna*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Ármann Jakobsson. 2005. Sinn eiginn smiður. *Skírnir*, 179,1:109-139.
- Árni Sigurjónsson. 1991. *Bókmenntakenningar fyrri alda*. Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.
- Bagge, Sverre. 1996. *From Gang Leader to the Lord's Anointed: Kingship in Verris saga and Hákonar saga Hákonarsonar*. Odense University Press, Odense.
- Biblían*. Heilög ritning. Gamla testamentið ásamt Apókrýfu bókunum og Nýja testamentið. 2007. Hið íslenska biblíufélag, JPV útgáfa, Reykjavík.
- Den norsk-islandske skjaldedigtning [b2]*. 1973. Ritstj. Finnur Jónsson. Rosenkildie og Bagger, København.
- Den norsk-slanske skjaldedigtning [A1]*. 1912-15. Ritstj. Finnur Jónsson. Udg. Af Kommissionen for det arnamagnæanske, Gyldendalske Boghandel, Nordisk forlag, København og Kristiana.
- Derrida, Jacques. 1991. „Formgerð, tákn og leikur í orðræðu mannvísindanna“. *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*, bls. 129-152. Þýðandi Garðar Baldvinsson. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Edda Snorra Sturlusonar, með Skáldatali*. 1935. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Bókaverslun Sigurðar Kristjánssonar, Reykjavík.
- Fáfnismál. 2001. *Eddukvæði*. Formáli Ármann Jakobsson. Skýringar og umfjöllun Gíslis Sigurðsson. Íslensku bókaklúbbarnir, Reykjavík.
- Foucault, Michel. 2005. *Alsæi, vald og þekking*. Þýð.: Björn Þorseinsson, Garðar Baldvinsson og Sigurður Ingólfsson. Ritstj. Garðar Baldvinsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Gade, Kari Ellen. 2009. Ritstj. *Poetry From the Kings' Sagas 2*. Ritstj. Kari Ellen Gade. Brepols Publishers, Turnhout.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir. 2007. Sjálf í frásögn. *Skírnir*, 181:180-197.
- Heimskringla III*. 2002. Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Holm-Olsen Ludvig. 1953. *Studier i Sverres saga*. Det Norske Videnskps-Akamemi i Oslo. Hist.-filos. Kl. 1952, no.3, Osló.

- Íslensk stílfræði. 1994. Ritstj. Þorleifur Hauksson. Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur Háskóla Íslands, Mál og menning, Reykjavík.
- Knirk, James E. 1981. *Oratory in the Kings' Sagas*. Universitetsforlaget. Oslo, Bergen, Tromsø.
- Kristeva, Julia. 1991. „Orð, tvíröddun og skáldsaga.“ *Spor í bókmenntafræði 20. Aldar*, bls. 93-128. Pýðandi Garðar Baldvinsson. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Lárus H. Blöndal. 1982. *Um uppruna Sverrissögu*. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Ljungqvist, Fredrik Charpentier. 2006. „Kungaideologin i *Sverris saga*.“ *The Thirteenth International Saga Conference Volume 2*, bls. 583-592. Ritstj. John McKinnell, David Ashust og Donata Kick. The Centre for Medieval and Renaissance Studies, Durham University.
- Lönnroth, Lars. 2006. „Sverrir's Dreams.“ *The Thirteenth International Saga Conference Volume 2*, bls. 603-592. Ritstj. John McKinnell, David Ashust og Donata Kick. The Centre for Medieval and Renaissance Studies, Durham University.
- Martinus saga biskups. 2007. *Heilagra karla sögur*. Sverrir Tómasson, Bragi Halldórsson og Einar Sigurbjörnsson bjuggu til prentunar. Ritstj. Guðrún Nordal. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Óskar Halldórsson. 1977. *Bragur og ljóðstíll*. Rannsóknarstofnun í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Reginismál. 2001. *Eddukvæði*. Formáli Ármann Jakobsson. Skýringar og umfjöllun Gísli Sigurðsson. Íslensku bókaklúbbarnir, Reykjavík.
- Sverrir Tómasson. 2006. „Kristnar trúarbókmenntir í óbundnu mál“, bls. 421 – 479. *Íslensk bókmenntasaga I*, Ritstj. Vésteinn Ólason. Mál og menning, Reykjavík.
- Sverris saga*. 2007. Þorleifur Hauksson bjó til útgáfu. Íslensk fornrit XXX. Ritstj. Jónas Kristjánsson og Þórður Ingi Guðjónsson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Þorleifur Hauksson. 2007. Formáli. *Sverris saga*. Íslensk fornrit XXX. Ritstj. Jónas Kristjánsson og Þórður Ingi Guðjónsson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.